FRÉTTABLAÐIÐ

FRÍTT

191. TÖLUBLAÐ 17. ÁRGANGUR — MEST LESNA DAGBLAÐ Á ÍSLANDI* — MIÐVIKUDAGUR 16. ÁGÚST 2017

„Þetta er heppilegt upp á fyrningar. Ég var tæpur með hey í vor en það slapp út af góðu veðri,“ segir Bjarni Bjarnason, bóndi á Hraunkoti í Landbroti. Seinni sláttur stóð yfir þegar ljósmyndari Fréttablaðsins ók fram hjá bænum á dögunum. Bjarni gerir ráð fyrir því að þurfa að slá þriðja sinni á sumum túnum í haust. „Ég man hreinlega ekki hvenær það gerðist síðast. Síðustu tvö ár voru skelfileg hvað sprettu varðar,“ segir Bjarni. „Í fyrra rigndi nær ekkert í þrjá mánuði og árið á undan snjóaði í byrjun júní. Nú mun ég eiga meira en nóg hey.“ FRÉTTABLAÐIÐ/VILHELM

Nýta sér ekki kauprétt í Arion banka

Vogunarsjóðir og Goldman Sachs ætla ekki að nýta sér kauprétt að 22 prósenta hlut. Útboð háð því skilyrði að stjórnvöld falli frá mögulegum forkaupsrétti og að FME klári hæfismat á Taconic og Attestor. Fjárfestaloforð frá erlendum sjóðum fyrir um 100 milljarða.

VIÐSKIPTI Þrír vogunarsjóðir og fjárfestingabankinn Goldman Sachs, sem keyptu samanlagt 30 prósenta hlut í Arion banka fyrr á árinu af Kaupþingi, munu ekki bæta við hlut sinn. Fjárfestahópurinn hefur kauprétt að um 22 prósenta hlut til viðbótar, sem gildir til 19. september næstkomandi, en hvorki sjóðirnir né Goldman Sachs ætla að nýta sér þann rétt, samkvæmt heimildum Markaðarins.

Stefnt er að hlutafjárútboði Arion banka, þar sem Kaupþing hyggst þá bjóða allt að 58 prósenta hlut sinn í bankanum til sölu, í október eða nóvember. Samkvæmt heimildum Markaðarins er verulegur áhugi af hálfu erlendra sjóða að taka þátt í útboðinu. Þannig hafa Fossar markaðir, sem verða söluráðgjafar Kaupþings, nú þegar safnað fjárfestaloforðum fyrir samtals um 700 til 800 milljónir evra, jafnvirði um 90 til 100 milljarða króna.

Að sögn þeirra sem þekkja vel til er bæði um að ræða sömu sjóði og hafa verið umsvifamiklir í fjárfestingum í skráðum félögum síðustu misseri – Eaton Vance, Wellington og Miton – og eins aðra erlenda sjóði sem hafa ekki áður fjárfest á Íslandi og eru meðal annars hluthafar í ýmsum evrópskum fjármálafyrirtækjum. Möguleg þátttaka íslenskra lífeyrissjóða er ekki talin ráða miklu um hvort Kaupþingi takist að losa um umtalsverðan hlut sinn í bankanum í útboðinu.

58%

hlutur Kaupþings er metinn á 125 milljarða miðað við bókfært eigið fé.

Tímasetning útboðsins mun ráðast af því hvenær FME lýkur mati sínu á hæfi Taconic Capital og Attestor Capital, sem keyptu hvor um sig 9,99 prósenta hlut í bankanum, til að fara með virkan eignarhlut. Búist er við niðurstöðu FME á næstu vikum. Þá er útboðið háð skilyrði um að stjórnvöld staðfesti við Kaupþing að þau hyggist ekki nýta sér mögulegan forkaupsrétt. Vonir standa til að slík staðfesting fáist á fundi með ráðamönnum í þessari viku, samkvæmt heimildum Markaðarins. Að öðrum kosti er talið óframkvæmanlegt að halda hlutafjárútboð þar sem forkaupsréttur ríkisins myndi aftra fjárfestum frá þátttöku í útboðinu.

– hae / sjá Markaðinn

Vond kaup í rafbílum

UMHVERFISMÁL Að kaupa rafbíla er ein versta fjárfesting sem Bílaleiga Akureyrar/Höldur hefur gert í bílakaupum. Þetta segir Steingrímur Birgisson, forstjóri Bílaleigunnar. „Nýtingin er ekki góð. Billinn kemur inn kannski á hádegi og þá þýðir það að við getum ekki leigt hann út fyrr en morguninn eftir þar sem við þurfum að hlaða hann,“ segir Steingrímur.

Hann segir að byggja þurfi upp innviði áður en rafbílar verði raunverulegur valmöguleiki. Til dæmis þurfi að vera rafmagn við Leifsstöð fyrir bílaleigubíla og hleðslustöðvar um allt land.

– jhh / sjá síðu 2

Fréttablaðið í dag

SKOÐUN Björt Ólafsdóttir, umhverfis- og auðlindaráðherra, skrifar um miðhálendisþjóðgarð. 14

SPORT Gylfi Þór Sigurðsson fer til Everton fyrir rúma sex milljarða króna og verður langdýrasti íslenski knattspyrnumaður sögunnar. 16

MENNING Djassparið Marína og Mikael senda frá sér sína fyrstu hljómplötu. 22

LÍFIÐ Birta Líf er 21 árs nemi í markaðsfræði með sitt eigið fyrirtæki. 30

PLÚS 2 SÉRBLÖÐ ● FÓLK ● FIT OG RUN

*Samkvæmt prentmiðlakönnun Gallup apríl-júní 2015

Veður



Í dag er regnsvæði væntanlegt inn á norðaustanvert landið með strekkingsvindi og svölu veðri. Sunnan heiða verður hæglætisveður eða hafgola. Víða bjartviðri, en líkur á að skúrir láti sjá sig síðdegis. SJÁ SÍÐU 20

Hagnaður 365 eykst

FJÖLMIÐLAR Rekstrarhagnaður 365 miðla fyrir afskriftir, fjármagnsliði og skatta (EBITDA) á fyrri hluta yfirstandandi árs nam 563 milljónum króna. Um umtalsvert betri afkomu er að ræða en á sama tímabili í fyrra, þegar hún var jákvæð um 309 milljónir króna, en hagnaður eftir skatta á fyrri hluta árs nam 195 milljónum sem var 273 milljóna viðsnúningur.

Ingibjörg Pálmadóttir, forstjóri 365 miðla

Áætlanir gera ráð fyrir meiri hagnaði í ár en í fyrra.

Samkvæmt tilkynningu 365 miðla, eiganda Fréttablaðsins, nam hagnaðurinn í fyrra 17 milljónum króna. Árið 2015 var afkoman jákvæð um 22 milljónir. Tekjurnar í fyrra námu 11,1 milljarði og rekstrarhagnaður alls 823 milljónum. Áætlanir 365 miðla gera ráð fyrir að hagnaður yfirstandandi árs verði umtalsvert meiri en árið 2016. Viðsnúning í rekstri megi helst rekja til bættrar afkomu í rekstri ljósvakamiðla, netmiðla og aukinnar áherslu á vörusölu.

„Rekstrarárangur 365 á fyrri hluta þessa árs er ánægjulegur og eftirtektarverður, ekki síst í ljósi þess að íslensk, frjáls fjölmiðlun á verulega undir högg að sækja um þessar mundir. Kemur þar einkum tvennt til; mikil umsvif ríkisins á auglýsingamarkaði, og innkoma erlendra efnisveitna, sem lúta ekki sömu lögmálum og innlendir einkareknir fjölmiðlar og starfa m.a. frjálsir án afskipta fjölmiðlanefndar. 365 miðlar búa hins vegar að öflugu vöruframboði og frábæru starfsfólki – framtíðin er því björt," segir Ingibjörg Stefanía Pálmadóttir, forstjóri 365 miðla. – **hg**

Netfíkn algeng meðal barna

HEILBRIGÐISMÁL Netfíkn er orðin algengur vandi meðal barna og ungmenna hér á landi og tilraunum til sjálfsvígs í kjölfar fíknarinnar fjölgar stöðugt. Þetta segir Eyjólfur Örn Jónsson sálfræðingur sem rannsakað hefur tölvufíkn. Fréttir Stöðvar 2 greindu frá í gær.

Fíknin lýsir sér á þann veg að einstaklingurinn einangrar sig í tölvunni og missir tengsl við umheiminn.

Samkvæmt upplýsingum frá BUGL leita börn og ungmenni í vaxandi mæli á deildina vegna vandamála er varða tölvunotkun. Eyjólfur segir sjálfsvígstilraunum hafa fjölgað mjög á síðustu árum. „Það er mikið talað um það meðal sálfræðinga hversu stórt vandamál þetta er orðið," segir Eyjólfur, og kallar eftir vitundarvakningu. „Þetta þarf ekki að vera svona stórt vandamál." – **sks**

Undirbúa sig fyrir sprettinn á laugardaginn

Það styttist óðfluga í Reykjavíkurmaraþonið en á laugardaginn munu um 10 þúsund manns taka sprettinn og leggja um leið góðu málefni lið. Þar á meðal er Guðrún Þóra Jónsdóttir en hér er hún ásamt hlaupahópnum „Í mark fyrir MS". Guðrún hefur verið með MS í 18 ár og ætlar að fara 10 kilómetra til styrktar MS félagi Íslands. Rúmlega 70 ætla að hlaupa fyrir félagið en hópurinn hittist í gærkvöld til að peppa sig upp. FRÉTTABLAÐIÐ/ANTON BRINK

Rafbílarnir ein verstu kaup bílaleigunnar

Í bílaflota Bílaleigu Akureyrar/Hölds eru 4.600 bílar. Þar af eru um 20 rafbílar. Forstjórinn segir kaupin á rafbílunum eina verstu fjárfestinguna sem ráðist hefur verið í. Það vanti hleðslustöðvar á Keflavíkurflugvelli og víðar á landinu.

UMHVERFISMÁL Að kaupa rafbíla er ein versta fjárfesting sem Bílaleiga Akureyrar/Höldur hefur gert í bílakaupum. „Nýtingin er ekki góð. Bíllinn kemur inn kannski á hádegi og þá þýðir það að við getum ekki leigt hann út fyrr en morguninn eftir þar sem við þurfum að hlaða hann. Þetta er enn þá of dýrt," segir Steingrímur Birgisson, forstjóri bílaleigunnar.

Björt Ólafsdóttir umhverfisráðherra sagði í byrjun mánaðarins að stefnt yrði að því að rafbílavæða allt landið fyrir árið 2030. Á síðasta ári voru nýskráðir 18.442 bílar hér á landi. Af þeim voru 8.846, eða 45 prósent, bílaleigubílar. Þeir forsvarsmenn bílaleiga sem Fréttablaðið ræddi við voru sammála um að rafbílavæðingin væri spennandi og þróunin væri hröð. Hins vegar væri langt í land að bílaleigurnar gætu keypt slíka bíla í stórum stíl.

Steingrímur Birgisson segir að Bílaleiga Akureyrar/Höldur hafi keypt fyrsta rafbílinn árið 2008 og það hafi þá verið gert í tilraunaverkefni með Orkuveitu Reykjavíkur, Orkustofnun og fleiri aðilum. Bílaleigan á í dag um 20 rafbíla af 4.600 bíla flota. Önnur stór bílaleiga, Hertz bílaleigan, á fimm rafbíla. „Þetta gerist og það er bara gott. En þetta mun taka tíma," segir Steingrímur.

Steingrímur nefnir sem dæmi að það þurfi að vera til rafmagn á Keflavíkurflugvelli til að hlaða bílaleigubíla. „Það þurfa að vera til hleðslustöðvar út um allt landið," bætir Steingrímur við. Í dag séu til rafbílar sem fullyrt er að geti farið 300 kílómetra á hleðslu. „En þeir fara aldrei nema 220 og ferðamaðurinn er oft að keyra 300 til 400 kílómetra. Þannig að hann þarf einhvers staðar að komast í hleðslu og best er að hann geri það á einhverjum næturstað, á hóteli eða gistiheimili," segir Steingrímur.

Floti Bílaleigu Akureyrar/Hölds telur 4600 bíla. FRÉTTABLAÐIÐ/GVA

Bíllinn kemur inn kannski á hádegi og þá þýðir það að við getum ekki leigt hann út fyrr en morguninn eftir þar sem við þurfum að hlaða hann. Þetta er ennþá of dýrt.

Steingrímur Birgisson, forstjóri Bílaleigu Akureyrar/Hölds

Steingrímur segir að það sé mikið mál að koma upp þeim innviðum sem þarf og ekki sé hægt að kalla eftir því að það gerist á einni nóttu. En uppbyggingin verði hægt og rólega. „Það er allt í lagi að við Íslendingar verðum framarlega í flokki en ég held að það séu engin efni til þess að við séum fremstir í flokki. Ég held að það sé margt annað í þjóðfélaginu sem liggur meira á að laga."

jonhakon@frettabladid.is

SKIPULAG & SPARNAÐUR!

Munstruð minnisbók A6
Verð: 399.-

Munstruð minnisbók
A5 með gormum
Verð: 999.-

SKIPTIBÓKA MARKAÐUR HJÁ OKKUR!





Of Mice and Men
(Notuð bók)
TILBOÐSVERÐ: 999.-
Áður: 1.499.-

Stæ 105
(Notuð bók)
TILBOÐSVERÐ: 1.599.-
Áður: 2.399.-

Þýska fyrir þig
málfræði (Notuð bók)
TILBOÐSVERÐ: 1.499.-
Áður: 2.159.-

Munstruð teygjumappa
Verð: 599.-

Öldin öfgafulla
(Notuð bók)
TILBOÐSVERÐ: 2.599.-
Áður: 3.779.-



The Curious Incident
of The Dog in The Night
(Notuð bók)
TILBOÐSVERÐ: 799.- Áður: 1.199.-

Þjálfun, heilsa,
vellíðan (Notuð bók)
TILBOÐSVERÐ: 2.999.-
Verð: 3.941.-



Essential Academic
Vocabulary (Notuð bók)
TILBOÐSVERÐ: 1.999.-
Áður: 2.999.-

Stjórnmálafræði
(Notuð bók)
TILBOÐSVERÐ: 2.999.-
Áður: 4.439.-

Austurstræti 18
Skólavörðustíg 11
Laugavegi 77
Hallarmúla 4

Álfabakka 16, Mjódd
Kringlunni norður
Kringlunni suður
Smáralind

Hafnarfirði - Strandgötu 31
Keflavík - Sólvallagötu 2
Akureyri - Hafnarstræti 91-93
Akranesi - Dalbraut 1

Ísafirði - Hafnarstræti 2
Vestmannaeyjum - Bárustíg 2
Húsavík - Garðarsbraut 9

Penninn Eymundsson

540 2000 | penninn@penninn.is | www.penninn.is | www.eymundsson.is

Vöruúrval mismunandi eftir verslunum. Tilboðsverð gilda til og með 20. ágúst, eða meðan birgðir endast. Upplýsingar eru birtar með fyrirvara um villur og myndabrengl.

Samruni býr til risa á bætiefna- og hjúkrunarmarkaði

SAMKEPPNI Samkeppniseftirlitið heimilaði í gær yfirtöku Artasan ehf. á IceCare ehf. að vissum skilyrðum uppfylltum. Með samrunanum verður til eitt stærsta fyrirtæki landsins hvað varðar sölu á lyfjum, heilsuvörum, hjúkrunarvörum og lækningatækjum.

Artasan annast innflutning, skráningu og markaðssetningu á samheitalyfjum, lausasölulyfjum og heilsuvörum. Vörur fyrirtækisins eru seldar til apóteka, sjúkrahúsa, hjúkrunarheimila, dagvöruverslana og bensínstöðva. IceCare hefur hingað til annast innflutning og heildsölu á vítamínum og öðrum heilsuvörum.

Tilkynnt var um samrunann þann 23. mars síðastliðinn og hefur málið verið til meðferðar hjá eftirlitinu síðan þá. Í júní tilkynnti það samrunaaðilum að hugsanlega þyrfti að grípa til íhlutunar vegna samrunans þar sem sameinað fyrirtæki yrði of stórt á tilteknum mörkuðum.

Í ákvörðun Samkeppniseftirlitsins kemur fram að sameinað fyrirtæki muni koma til með að verða stærsta fyrirtækið á vítamína- og bætiefnamarkaði hérlendis með ríflega fjórðungshlutdeild. Sömu sögu er að segja af markaði fyrir bætiefni fyrir meltingu og liði auk tannhreinsivara en þar yrði hlutdeildin um og yfir helmingur af markaðnum.

Það var niðurstaða eftirlitsins að sameinað fyrirtæki Artasan og IceCare myndi ná markaðsráðandi stöðu hvað bætiefni fyrir liði varðar. Í því skyni að sporna við samþjöppun á markaði skuldbundu fyrirtækin sig til þess að undanskilja þann lið frá kaupunum. IceCare mun því þurfa að ráðstafa réttindum til sölu ákveðinna bætiefna til annars aðila en Artasan. – **jóe**

Bætiefni fyrir liði verða undanskilin í yfirtökunni. NORDIC PHOTOS/GETTY

Útlán lífeyrissjóðanna halda áfram að aukast. FRÉTTABLAÐIÐ/VALLI

Ný útlán lífeyrissjóðanna þrettánfaldast

VIÐSKIPTI Ný útlán lífeyrissjóðanna til sjóðfélaga hafa meira en þrettánfaldast á undanförnum tveimur árum. Útlánin námu 67,3 milljörðum króna í 3.593 samningum á fyrstu sex mánuðum þessa árs borið saman við tæpa 5,0 milljarða króna í 523 samningum fyrstu sex mánuði ársins 2015.

Í júnímánuði lánuðu sjóðirnir 14,3 milljarða króna, en það er hæsta upphæð sem sjóðirnir hafa lánað í einum mánuði. Fyrra metið var í mars síðastliðnum, þegar þeir lánuðu 13,5 milljarða.

Á milli ára jukust útlán lífeyrissjóðanna um 74,4 prósent, en þau námu 38,6 milljörðum króna í 2.470 samningum á fyrri helmingi síðasta árs.

Meðalupphæð hvers samnings hefur verið 18,7 milljónir króna það sem af er ári borið saman við 15,6 milljónir króna á sama tíma í fyrra. – **kij**

LEIÐRÉTTING

Í frétt sem birtist í Fréttablaðinu í gær um uppbyggingu í Reykjavík stóð að uppbygging yrði við Allianz-húsið. Rétt nafn hússins er Alliance-húsið. Við biðjumst velvirðingar á þessum mistökum.

LEIÐRÉTTING

Á forsíðu Fréttablaðsins í gær var Einar Magnús Magnússon, sérfræðingur hjá Samgöngustofu, rangfeðraður og sagður Einarsson. Þessi mistök leiðréttast hér með og er beðist velvirðingar á þeim.

Sjö milljarða fjárfesting HB Granda bundin við bryggju

Nýjasta skip HB Granda, Engey RE 91, liggur enn við bryggju á Akranesi þar sem er verið að koma byltingarkenndum búnaði fyrir sem á að létta alla vinnslu. Skipið átti að sigla til veiða í apríl en stefnt er að því að það haldi á haf út á morgun. Tækninýjungin hefur ekki enn fengist til að virka sem skyldi.

SJÁVARÚTVEGUR Engey RE 91, nýtt skip HB Granda, hefur ekki enn farið í eina einustu veiðiferð en stefnt er að því að skipið sigli út á morgun í sína fyrstu veiðiferð. Þegar skipið kom til hafnar í Reykjavík í byrjun apríl var tilkynnt að það færi á veiðar í lok þess mánaðar. Síðan hafa komið upp margvísleg vandamál enda er um borð byltingarkenndur vinnslubúnaður, sá fyrsti sinnar tegundar í heiminum.

„Þetta er nýtt fyrir mönnum og hefur aldrei áður verið gert í heiminum þannig að menn gerðu sér kannski ekki grein fyrir umfanginu. En ég vona að við séum að komast fyrir vind núna og skipið haldi til veiða á fimmtudagskvöldið sem er mun síðar en gert var ráð fyrir," segir Vilhjálmur en skipið hefur farið tvo tilraunatúra.

Fyrirtækið Skaginn 3X hannar búnaðinn og hlaut Nýsköpunarverðlaun Íslands fyrir hann. Tæknin grundvallast á nýjum aðferðum við meðhöndlun fisksins og aukinni sjálfvirkni í vinnslukerfinu sem flýtir aðgerð og frágangi á afla sem á að skila mun betri gæðum. Með nýrri myndavélatækni er hver einasti fiskur myndaður, tegundagreindur og stærðarflokkaður. Ingólfur Árnason, forstjóri Skagans 3X, segir að verkefnið sé risavaxið þróunarverkefni og þróunin muni halda áfram.

Vilhjálmur bendir á að töfin sé óheppileg og hafi ýmisleg áhrif á HB Granda. „Við höfum þurft að halda hinum skipunum að veiðum og verið að fá heldur minni afla inn í hús en við áætluðum. Verst kemur þetta þó við áhöfnina sem verður af tekjum."

Skipið er einn tæknivæddasti ísfisktogari landsins og kostaði um sjö milljarða króna. Fyrir utan íburð í tækni er einnig íburður um borð sem HB Grandi vill frekar hafa á sjó en við höfn. „Þetta eru ekki bilanir heldur er verið að koma búnaðinum í virkni. Umfangið er meira en menn gerðu ráð fyrir og er að taka mun lengri tíma en var áætlað eins og forritun og hugbúnaður."

benediktboas@365.is

Engey RE 91 við bryggju á Akranesi. Unnið er dag og nótt við að koma nýstárlegum búnaði um borð. FRÉTTABLAÐIÐ/EYÞÓR

Engey RE 91

- Kostaði um sjö milljarða.
- Afhending skipsins dróst nokkuð.
- Fyrsta veiðiferð var áætluð í lok apríl.
- Skipið fór í prufutúr í byrjun ágúst.
- Hefur legið við bryggju á Akranesi síðan í janúar.
- Verður búið sjálfvirku lestarkerfi ásamt búnaði á vinnsludekki sem hefur verið komið fyrir í skipinu á Akranesi. Búnaðurinn, sem er sá fyrsti sinnar tegundar, hefur fyrirtækið Skaginn 3X hannað, þróað og smíðað á Akranesi og á Ísafirði. Búnaðurinn mun stórbæta vinnuumhverfi sjómanna um borð auk þess sem hann mun auka afkastagetu skipsins og hámarka virði afurða úr afla þess.

Tillaga að starfsleyfi

FYRIR ADVANCED MARINE SERVICES LIMITED

Í samræmi við 6. gr. í I. kafla laga nr. 7/1998 um hollustuhætti og mengunarvarnir og 24. gr. reglugerðar nr. 785/1999, er nú aðgengileg tillaga að starfsleyfi fyrir Advanced Marine Services Limited (fyrirsvar: LEX lögmannsstofa).

Um er að ræða framkvæmd við leit að verðmætum í flaki skipsins Minden sem liggur á hafsbotni í 120 sjómílna fjarlægð suðaustur af Íslandi.

Tillagan, ásamt fylgigögnum, mun verða aðgengileg hjá Umhverfisstofnun og á vefsíðu stofnunarinnar www.ust.is.

Athugasemdir við tillöguna skulu vera skriflegar og sendar Umhverfisstofnun. Frestur til að skila inn athugasemdum er 4 vikur frá auglýsingu.

UMHVERFIS STOFNUN

Kom þjóðernisöfgamönnum til varnar

BANDARÍKIN Donald Trump Bandaríkjaforseti fór mikinn á blaðamannafundi í New York í gærkvöldi og kom þjóðernisöfgamönnum, sem mótmæltu í Charlottesville í Virgíníu um helgina, til varnar. „Þetta voru ekki allt nýnasistar," sagði Trump en hann fordæmdi um leið þátt þeirra sem mótmæltu kröfum og skoðunum öfgamannanna.

Til blóðugra átaka kom á milli mannanna og mótmælendanna. Heather Hayer, 32 ára, lést þegar bíl var ekið inn í hóp mótmælenda. Trump þótti tregur til að fordæma með afgerandi hætti þátt þjóðernisöfgamannanna en það gerði hann þremur dögum síðar.

Margir veifuðu nasistafánum og heilsuðu að hætti að nasista. Trump sagði öfgamenninna einfaldlega hafa verið að mótmæla áformum um að fjarlæga styttu af Robert E. Lee, herforingja Suðurríkjanna í þrælastríðinu.

Það sló í brýnu milli mótmælenda og þjóðernisöfgamanna í Charlottesville í Virgíníu um helgina. Þrír létust í átökunum í borginni. NORDICPHOTOS/GETTY

Hann fordæmdi þó morðið á Hayer, en ökumaður bílsins, James Alex Fields yngri, hefur verið ákærður fyrir manndráp. „Hann hefur orðið fjölskyldu sinni og landi til skammar," sagði Trump. – **khn**

Hyundai i10.

Stórkostlega vel útbúinn smábíll.

Verð frá: **1.790.000 kr.**

Nýr Hyundai i10 hefur unnið til fjölda verðlauna fyrir glæsilega hönnun og frágang. Hyundai i10 er án efa einn skemmtilegasti smábíllinn á markaðnum. Blaðamenn sem prófuðu nýjan Hyundai i10 voru á einu máli um að hér væri á ferðinni einstakur smábíll í hæsta gæðaflokki. **Hyundai i10 - verð frá 1.790.000 kr.**

Hyundai | Kauptúni 1 | Sími 575 1200 | www.hyundai.is

GE bílar	**Bílasalan Bílás**	**Bílasala Akureyrar**	**Bílaverkstæði Austurlands**	**IB ehf.**	**BL söluumboð**
Reykjanesbæ	Akranesi	Akureyri	Egilsstöðum	Selfossi	Vestmannaeyjum
www.gebilar.is	www.bilas.is	www.bilak.is	www.bva.is	www.ib.is	481 1313
420 0400	431 2622	461 2533	470 5070	480 8080	862 2516

HYUNDAI

Comfort útgáfa - verð frá 1.990.000 kr. / upphitað leðurstýri / upphituð sæti / upphitaðir rafdrifnir speglar /rafdrifnar fram- og afturrúður / ESP stöðugleikastýring / hljómtæki með geislaspilara, MP3 afspilun, USB og iPod tengi.

ENNEMM / SÍA / NM83495

AMS óskaði eftir að leyfisveitingu yrði hraðað vegna kostnaðar við að leigja Seabed Constructor. FRÉTTABLAÐIÐ/EYÞÓR

Tillaga að leitarleyfi í Minden

FJÁRSJÓÐSLEIT Engin losun efna er fyrirsjáanleg í andrúmsloft, vatn eða jarðveg vegna leitar Advanced Marine Services (AMS) í flaki þýska flutningaskipsins Minden. Þá telur AMS að engin mengunarhætta sé á ferðinni í tengslum við leitina.

Það vakti mikla athygli þegar leitað var í skipinu á vormánuðum. Þá hafði Landhelgisgæslan afskipti af skipinu og það var flutt til hafnar hér á landi. Samtímis var AMS tilkynnt um að ætlaði fyrirtækið sér að halda leit áfram á svæðinu þyrfti það starfsleyfi samkvæmt lögum um hollustuhætti og mengunarvarnir. Sótt var um slíkt leyfi síðla í apríl.

Í umsókninni kemur fram að aðgerðin sé í eðli sínu einföld og áhættulaus. Skorið verður í vegg sem síðar verður beygður frá kassa sem AMS telur að geti innihaldið verðmæti. Áætlað er að verkið muni taka 24-28 klukkustundir séu veðurskilyrði eins og best verður á kosið. Þá var þess farið á leit að leyfisveitingin yrði afgreidd með hraði, helst á tímabilinu 1. til 7. maí, vegna þess kostnaðar sem felst í því að hafa skipið Seabed Constructor á leigu.

UST hefur nú birt á heimasíðu sinni tillögu að starfsleyfinu. Þar er gert ráð fyrir að tilkynna þurfi upphaf og lok framkvæmdarinnar, skila þurfi viðbragðsáætlun byggðri á áhættumati, skila þurfi skýrslu um framkvæmdina. Hægt er að gera athugasemdir við tillöguna á næstu fjórum vikum. **– jóe**

Gripinn með spún í Glanna

VEIÐI Ferðamaður var stöðvaður við spúnaveiðar úr laxastiganum við Glanna í Norðurá í fyrrakvöld.

Veiðiverði var gert viðvart og mætti hann á staðinn ásamt lögreglu. Þegar ferðamanninum franska var tilkynnt að um lögreglumál væri að ræða gleymdi hann allri ensku samstundis.

Maðurinn var bæði án veiðileyfis og brúkaði spún en slíkt er bannað. Á hann von á sekt áður hann heldur af landi brott. **– sój**

Þolinmæði borgaryfirvalda gagnvart umsvifum Hringrásar í Klettagörðum minnkaði hratt með hverjum eldsvoðanum eftir annan. FRÉTTABLAÐIÐ/VILHELM

Hringrás sögð menga of mikið

Mengunarhætta og rask eru meðal ástæðna sem skrifstofa umhverfisgæða hjá Reykjavíkurborg tiltekur fyrir því að óheppilegt sé að Hringrás fái lóð á Gunnunesi. Málið er komið á borð umhverfis- og skipulagsráðs.

UMHVERFISMÁL Ef starfsemi Björgunar hf. flyst á Gunnunes á Álfsnesi til viðbótar við umsvif Sorpu og aðra uppbyggingu verður náð þolmörkum fyrir viðkvæma náttúru svæðisins segir skrifstofa umhverfisgæða hjá Reykjavíkurborg sem telur óheppilegt að endurvinnslufyrirtækið Hringrás hf. fái lóð á Gunnunesi.

„Enn meiri uppbygging iðnaðar á svæðinu væri því alls ekki skynsamleg með tilliti til umhverfissjónarmiða. Þá er bæði átt við rask vegna uppbyggingar iðnaðarsvæða og nauðsynlegra innviða svo sem vegagerðar en einnig röskun og mengunarhættu vegna starfseminnar þar með talinnar skipaumferðar og umferðar ökutækja," segir í umsögn skrifstofu umhverfisgæða.

Lengi hefur legið fyrir að borgaryfirvöld og Faxaflóahafnir, eigandi núverandi lóðar undir Hringrás, vilja losna við fyrirtækið úr Laugarnesinu. Hringrás hefur augastað á Gunnunesi á Álfsnesi. Skipulagsfulltrúi leggst ekki gegn því fyrir sitt leyti en bendir á að skoða þurfi umhverfisþætti nánar. Skrifstofa umhverfisgæða hjá borginni segir ekki heppilegt að Hringrás flytji á Gunnunes jafnvel þótt Björgun myndi flytja þangað eins og er til skoðunar.

„Taka þarf ákvörðun með viðeigandi skipulagsbreytingum um hvort svæðið í heild sinni eigi að vera iðnaðarsvæði eða ekki og ef svo er, hversu mikið, frekar en að gerðar séu endurteknar

Gunnunes á Álfsnesi

Hringrás hefur augastað á Gunnunesi á suðvesturhorni Álfsness en umhverfissjónarmið gætu komið í veg fyrir flutning endurvinnslufyrirtækisins þangað.

> **Þá eru önnur svæði á Gunnunesinu ekki talin heppileg fyrir neina uppbyggingu, sérstaklega ekki uppbyggingu iðnaðarsvæða, vegna neikvæðra umhverfisáhrifa og minjaverndar.**
>
> Úr umsögn skrifstofu umhverfisgæða

litlar aðalskipulagsbreytingar á svæðinu í bútum," segir skrifstofa umhverfisgæða sem telur að að minnsta kosti eigi stærsti hluti Gunnuness að vera áfram opið svæði með óraskaðri náttúru.

Þá segir að ekki hafi staðið til að byggð af nokkru tagi rísi á Gunnunesi. Þess utan sé ekki svigrúm fyrir viðbótar 15 til 20 þúsund fermetra uppbyggingarsvæði innan þess svæðis sem mælt hafi verið með fyrir Björgun.

„Eins og komið hefur fram þá eru önnur svæði á Gunnunesinu ekki talin heppileg fyrir nokkra uppbyggingu, sérstaklega ekki uppbyggingu iðnaðarsvæða, vegna neikvæðra umhverfisáhrifa og minjaverndar," segir umhverfisgæðaskrifstofan.

Þá sé töluverður munur á starfsemi Hringrásar og Björgunar. Starfsemi Hringrásar snúist að miklu leyti um flutning og meðhöndlun á mengandi úrgangi og óæskilegum efnum en Björgun vinni fyrst og fremst með náttúruleg jarðefni. Hætta á mengunarslysum sé töluvert meiri hjá Hringrás. „Má benda á að það hafa orðið að minnsta kosti þrír brunar frá árinu 2004 á núverandi starfsstöð við Klettagarða," segir í umsögninni þar sem mælt er með því að Heilbrigðiseftirlit Reykjavíkur gefi álit á mengunarhættu af starfsemi beggja fyrirtækjanna.

Samkvæmt aðalskipulagi Reykjavíkur er Gunnunes sem og öll suður- og vesturströnd Álfsness skilgreind sem opið svæði. Umhverfisgæðaskrifstofan bendir á að í umsögn umhverfis- og skipulagssviðs frá í október 2016 komi fram að Gunnunesið almennt henti illa sem iðnaðarsvæði vegna náttúrufars og ásýndar sem séu þættir sem talið hafi verið mikilvægt að vernda. „Í því sambandi var meðal annars rætt um upprunalega strandlengju, mólendis- og votlendisgróðurlendi og varplönd fugla."

Skipulagsfulltrúi hefur vísað málinu til umhverfis- og skipulagsráðs.

gar@frettabladid.is

REKSTRARVÖRUR FYRIR HEIMILIÐ

Í Rekstrarlandi fæst úrval af ræstivörum fyrir öll heimilisþrif; pappírsvörur og plastpokar, Nilfisk ryksugur, margar gerðir af gasgrillum og ýmsar gas- og grillvörur. Rekstrarland er einnig með mikið af heilbrigðisvörum, náttúruvænar bleiur og ýmsar vörur tilheyrandi umönnun barna.

Rekstrarland | Vatnagörðum 10 | 104 Reykjavík | **Opið alla virka daga kl. 9-18**

REKSTRARLAND

PRÁKTÍSKA • SÍA • 172462

Það er svo dýrmætt að geta kúplað sig út úr amstrinu og gefið sig allan í það sem veitir gleði. Náð fullkomnu jafnvægi. RAV4 endurstillir þig og kröfur þínar til aksturs. Mýktin er slík að þú kemst lengra og hærra, áreynslulaust í allar áttir og hönnunin er svipmikil að innan sem utan. Teygðu þig í það sem þú þráir. Komdu og reynsluaktu.

Kynntu þér Toyota FLEX, nýja leið til að eignast Toyota bifreið, á www.toyota.is

VILDARPUNKTAR ICELANDAIR MEÐ ÖLLUM NÝJUM TOYOTUM

5 3+2 ÁBYRGÐ FLEX

Toyota Kauptúni
Kauptúni 6
Garðabæ
Sími: 570-5070

Toyota Akureyri
Baldursnesi 1
Akureyri
Sími: 460-4300

Toyota Reykjanesbæ
Njarðarbraut 19
Reykjanesbæ
Sími: 420-6600

Toyota Selfossi
Fossnesi 14
Selfossi
Sími: 480-8000

Sjá nánar um Vildarpunktasöfnun á www.toyota.is
Bíllinn í þessari auglýsingu endurspeglar ekki endilega það verð og þann búnað sem tilgreindur er.
Allar upplýsingar eru birtar með fyrirvara um villur.

Ísland langt á eftir nágrannaríkjum

FJÖLMIÐLAR Fimm stærstu birtingahúsin á Íslandi keyptu auglýsingafé fyrir 5,5 milljarða króna í fyrra, samkvæmt samantekt Fjölmiðlanefndar. Talið er að birtingahús kaupi um helming auglýsinga á markaði.

Prentmiðlar áttu stærstan hlut auglýsingatekna í fyrra, eða 30,4 prósent, sjónvarp var með næstmest eða 28,5 prósent, innlendir vefmiðlar með 16,7 prósent og útvarp með 16,6 prósent. Erlendir vefmiðlar voru með 3,6 prósent og aðrir auglýsingamiðlar voru með 4,2 prósent. Þetta er í fyrsta sinn sem innlendir vefmiðlar eru með hærra hlutfall en útvarp.

30,4%

var hlutur prentmiðla af auglýsingatekjum.

Erlendis verja fyrirtæki auglýsingafé sínu í auknum mæli í auglýsingar á samfélagsmiðlum og leitarsíðum á netinu. Í skýrslu fjölmiðlanefndar kemur fram að sú þróun virðist hvergi vera hraðari en í Danmörku. Innlendir og erlendir vefmiðlar höfðu samtals 50,2 prósent af auglýsingafé á dönskum markaði árið 2016. Tæp 57 prósent af því fé sem fór til auglýsinga á netinu fóru til erlendra fyrirtækja.

Samkvæmt tölum frá 2015 var þriðjungi auglýsingafjár í Noregi og Svíþjóð varið til auglýsinga á vefmiðlum. Þessar tölur benda til þess að íslenskur fjölmiðla- og auglýsingamarkaður sé að mörgu leyti frábrugðinn mörkuðum annars staðar á Norðurlöndum. – **jhh**

Fylgdu stuttu þingi eftir með lengsta sumarfríinu í áratug

Alls leið 41 dagur milli ríkisstjórnarfunda í sumar. Áhöld eru um hvort það sé lengsta frí í sögunni. Sumarfrí ríkisstjórnar tóku að lengjast verulega frá árinu 2013. Steingrímur J. Sigfússon gagnrýnir fundaleysið.

Ríkisstjórn Sjálfstæðisflokks, Viðreisnar og Bjartrar framtíðar fundaði ekki í 41 dag í sumar. FRÉTTABLAÐIÐ/ANTON

STJÓRNMÁL Engin ríkisstjórn í rúman áratug hefur tekið sér jafn langt frí milli ríkisstjórnarfunda yfir sumartímann og núverandi ríkisstjórn gerði í sumar. Um sex vikur, eða 41 dagur, leið þá á milli ríkisstjórnarfunda, eða frá 30. júní þar til ríkisstjórnin kom loks aftur saman til fundar 11. ágúst síðastliðinn. Steingrímur J. Sigfússon, þingmaður Vinstri grænna, gagnrýndi fundaleysi ríkisstjórnarinnar í aðsendri grein í Fréttablaðinu í gær undir yfirskriftinni „Rólegt sumar í ríkisstjórn“.

Velti Steingrímur kaldhæðnislega upp þeirri spurningu hvort engin þörf væri á forystu um landsmálin og hvort engin viðfangsefni kölluðu á að ríkisstjórnin að minnsta kosti hittist til að ræða málin.

Frá árinu 2013 hafa hlé á ríkisstjórnarfundum yfir sumartímann lengst verulega. Þar til nú í sumar var lengsta hlé á fundum 37 dagar sumarið 2015, hjá ríkisstjórn Sigmundar Davíðs Gunnlaugssonar. Það hlé kallaði Árni Páll Árnason, þáverandi formaður Samfylkingarinnar, lengsta sumarfrí ríkisstjórnar í Íslandssögunni. Nær ómögulegt er þó að sannreyna hvort fríið sé það lengsta í sögunni. Upplýsingar á vef forsætisráðuneytisins ná aðeins aftur til ársins 2009 og rafræn skjalaskráning er tiltölulega ný af nálinni. Fundargerðir á árunum frá síðustu aldamótum til ársins 2006 voru ritaðar á tölvu en einungis varðveittar á pappír. Áratugina þar á undan voru þær handskrifaðar. Við fyrri athugun blaðamanns á málinu fengust þær upplýsingar að það væri nánast ógjörningur að leita í skjalasafni að lengra sumarfríi. En staðfest fékkst að frá árinu 2006 væru ekki dæmi um lengra frí en á umliðnum árum.

Fundaleysi sumarsins er ekki síst athyglisvert í ljósi þess hversu óvenjulegt síðasta þing var. Það var sett 6. desember í kjölfar snemmbúinna kosninga í lok október og ný ríkisstjórn ekki formlega mynduð fyrr en 11. janúar. Þingi var svo frestað í byrjun júní. Frá þingsetningu til þingfrestunar fengu þingmenn að auki alls 53 daga í jóla- og páskafrí.

Í grein sinni spyr Steingrímur hvort ekki hafi verið tilefni til að ræða alvarlega stöðu sem blasi við sauðfjárbændum í haust, stefnumótun í ferðaþjónustu, stefnu í peningamálum, siðareglur ráðherra og þingmanna og umdeild fiskeldisáform.

mikael@frettabladid.is

Svona hafa sumarfrí ríkisstjórnarfunda verið

Ár	Lengsta hlé á fundum yfir sumartímann	Fjöldi daga milli funda
2017	30. júní – 11. ágúst	41 dagur
2016	5. júlí – 9. ágúst	34 dagar
2015	7. júlí – 14. ágúst	37 dagar
2014	11. júlí – 12. ágúst	31 dagur
2013	9. júlí – 25. júlí	15 dagar
2012	20. júlí – 31. júlí	10 dagar
2011	26. júlí – 9. ágúst	13 dagar
2010/2009	Fundað u.þ.b. vikulega yfir sumarið.	

Promennt býður upp á mikið úrval skemmtilegra og hagnýtra námskeiða sem bæta stöðu þína með upplýsingatæknina að vopni.

FRÆÐSLUSKÝIÐ

STAÐKENNSLA

FJARKENNSLA Í BEINNI

GERÐU ÞIG AÐ VERÐMÆTARI STARFSMANNI

– með námi hjá Promennt

MARKAÐS- OG SÖLUNÁM – hraðferð

Með sérstaka áherslu á stafræna markaðssetningu. Skemmtilegt en um leið krefjandi einnar annar nám fyrir þá sem vilja afla sér öflugrar þekkingar á sviði markaðs- og sölumála. Hér fléttast saman gamalgróin sölu- og markaðsfræði við nýjustu tækni sem í boði er. Nemendur fara m.a. yfir námstækni, sölutækni, markaðsfræði, Google AdWords, Google Analytics og Facebook sem markaðstæki.

Hefst **12. sept.** • **Kvöldhópur** • **27 skipti**

UPPLIFUN NEMENDA

„Námið var fjölbreytt, skemmtilegt og mun án efa nýtast mér vel í framtíðinni. Ég var í fullri vinnu með náminu, en námið var svo vel uppsett að það gekk allt saman upp. Promennt fær fullt hús stiga hjá mér, skólinn er með fyrsta flokks kennara og starfsfólk. Takk fyrir mig."
Sonja G. Ólafsdóttir, markaðs- og sölunám.

STÖK NÁMSKEIÐ

- WordPress – Vefurinn minn
- Photoshop 2
- Photoshop fyrir byrjendur
- Dreamweaver HTML og CSS
- Illustrator
- InDesign
- Myndbandavinnsla Adobe Premiere Pro
- Gerð stafrænna auglýsinga fyrir sjónvarp og vef
- Facebook sem markaðstæki
- Leitarvélamarkaðssetning með Google AdWords
- Vefgreining með Google Analytics
- Tölvupóstmarkaðssetning

GRAFÍSK HÖNNUN

Grafísk vinnsla fyrir byrjendur sem vilja læra að hanna markaðsefni sjálfir eða fólk sem vill skapa sér forskot í frekara hönnunarnámi, t.d. á háskólastigi. Nemendur læra á Photoshop, Illustrator og InDesign og að ganga frá verkefnum sínum í Acrobat Distiller. Kennslan byggir á fyrirlestrum og verklegum æfingum.

Hefst **31. ágúst** • **Kvöldhópur** • **20 skipti**

Ps Ai Id

VEFSÍÐUGERÐ – ALLUR PAKKINN

Vönduð námsbraut fyrir alla sem vilja koma sér upp einfaldri og smekklegri heimasíðu sem auðvelt er að uppfæra í notendavænu vefumsjónarkerfi. Hentar þeim sem eru að stíga fyrstu skrefin í gerð vefsíðna eða vilja bæta og uppfæra fyrri síður.

Hefst **11. sept.** • **Kvöldhópur** • **22 skipti**

UPPLIFUN NEMENDA

„Ég var mjög ánægð með námskeiðið Grafísk hönnun hjá Promennt og hefur það nýst mér vel í mínu starfi. Reynsla og þekking kennarans, umfram námsefnið, var ákaflega nytsamleg og sýndi okkur ferlið frá upphafi myndvinnslu, hönnunar og umbrots til prentunar á mjög skipulagðan og skýran hátt. Ég gef námskeiðinu því mín bestu meðmæli."
Íris Magnúsdóttir, grafísk hönnun.

PROMENNT • Skeifunni 11B • 108 Reykjavík • Sími 519 7550
promennt@promennt.is • promennt.is

Skráning og nánari upplýsingar á **promennt.is**

PROMENNT

Með fyrirvara um prentvillur og ófyrirséðar verðbreytingar.

PIPAR\TBWA • SÍA • 172907

Síerra Leóne biður um hjálp

SÍERRA LEÓNE Neyðaraðstoðar er þörf fyrir þær þúsundir manna sem urðu fyrir barðinu á aurskriðum og flóðum í höfuðborg Síerra Leóne, Freetown, á mánudag. Ernest Bai Komora forseti kallaði eftir hjálp alþjóðasamfélagsins í gær. Sagði hann að heilu samfélögin hefðu þurrkast út og eyðileggingin væri yfirþyrmandi.

Að minnsta kosti 300 fórust í hamförunum og eru nú fjöldaútfarir á dagskrá til þess að rýma til á líkhúsum í höfuðborginni. Reynt hefur verið að grafa fólk upp úr aurnum og húsarústum en í yfirlýsingu frá Rauða krossinum segir að það gangi erfiðlega að útvega búnað til þess.

» Að minnsta kosti 300 fórust í aurskriðum og flóðum mánudagsins.

Óttast er að tala látinna muni hækka allverulega. Þá er útlit fyrir að að minnsta kosti 3.000 hafi misst heimili sín á mánudag. – **þea**

Eftir áralanga þróun og prófanir höfum við náð markmiði okkar.

Við höfum búið til eina þróuðustu dýnu heims

Simba tvinndýnan er gerð úr einstakri samsetningu 2500 keilulaga gorma og móttækilegs minnissvamps.

Fáðu betri svefn – sama hvert svefnmynstur þitt er.

Simba dýnurnar eru fáanlegar í eftirtöldum stærðum

90 x 200 cm	74.990 kr.
120 x 200 cm	89.990 kr.
140 x 200 cm	99.900 kr.
160 x 200 cm	114.990 kr.
180 x 200 cm	129.900 kr.

Komdu og kynntu þér Simba í næstu Dormaverslun eða á **www.simbasleep.is**

Afgreiðslutími Rvk
Mánudaga til föstudaga kl. 10-18
Laugardaga kl. 11-17
Sunnudaga kl. 13-17 (Smáratorgi)
www.dorma.is

Holtagörðum, Reykjavík
Smáratorgi, Kópavogi
Dalsbraut 1, Akureyri
Skeiði 1, Ísafirði

DORMA
Láttu drauminn rætast

Neyðarskilaboðum óvart úvarpað á Gvam

Gvambúum sagt að búa sig undir yfirvofandi árás norðurkóreska hersins. Skilaboðin reyndust send út fyrir mistök. Yfirvöld á eynni vilja tryggja að slíkt endurtaki sig ekki. Árásaráætlun Norður-Kóreumanna liggur fyrir en einræðisherrann ákveður að bíða með árásina. Forseti Suður-Kóreu minnir Bandaríkjamenn á að hafa samráð við sig.

Lífið á bandarísku eyjunni Gvam gengur sinn vanagang þrátt fyrir hótanir stjórnvalda í Norður-Kóreu og neyðarútsendingar útvarpsstöðva. NORDICPHOTOS/AFP

NORÐUR-KÓREA Íbúum bandarísku eyjunnar Gvam brá væntanlega þegar tvær útvarpsstöðvar á eyjunni útvörpuðu neyðarskilaboðum vegna yfirvofandi árásar norðurkóreska hersins. Stöðvarnar tvær útvörpuðu korterslöngum skilaboðum aðfaranótt gærdagsins, en slíkum skilaboðum er einungis útvarpað þegar íbúar eru í bráðri hættu.

Útsendingin reyndist hins vegar óþörf og gátu Gvambúar andað léttar þegar varnarmálayfirvöld í Gvam tilkynntu að um óheimilaða æfingu hafi verið ræða. „Hin óheimilaða æfing var ekki tengd nokkurri neyð, ógn eða hættu," sagði í yfirlýsingu yfirvalda. Þá sagði jafnframt í henni að yfirvöld hefðu haft samband við umræddar stöðvar til að tryggja að slík mannleg mistök endurtaki sig ekki.

Norður-Kóreumenn greindu frá því í síðustu viku að þeir hygðust gera árás á Gvam vegna þvingana sem Sameinuðu þjóðirnar samþykktu að beita einræðisríkið. Í gær greindi ríkissjónvarpið KCNA frá því að Kim Jong-un einræðisherra væri búinn að fara yfir áætlun hersins en hann hafi hins vegar ákveðið að bíða með árásina.

Greinir BBC frá því að þrátt fyrir að Norður-Kórea sé tilbúin til þess að „umlykja Gvam eldi" muni yfirvöld bíða og fylgjast með því hvað „hinir heimsku Kanar" geri áður en endanleg ákvörðun er tekin.

» Norður-Kóreumenn segjast tilbúnir til þess að „umlykja Gvam eldi" en vilja ekki gera árás strax.

George Charfauros, yfirmaður varnarmála á Gvam, hvatti Gvambúa til þess að sýna stillingu þótt fjölmiðlar greindu frá því að árásaráætlun liggi fyrir. „Munið að viðbúnaðarstig hefur ekkert breyst. Við munum halda áfram eins og ekkert hafi í skorist og við vitum að varnarmálaráðuneyti Bandaríkjanna er vel undirbúið," sagði Charfauros.

Þá segir jafnframt í umfjöllun BBC að greiningaraðilar telji að með þessu sé Kim að kaupa sér tíma, norðurkóreski herinn sé í raun ekki nógu vel undirbúinn undir slíka árás.

Því hefur einnig verið haldið fram að yfirvöld í Norður-Kóreu hræðist það hvernig Bandaríkin myndu svara slíkri árás. Áður en KCNA birti frétt sína sagði James Mattis, varnarmálaráðherra Bandaríkjanna, að árás gæti fljótt leitt til þess að stríð brjótist út. Sagði Mattis að ef Norður-Kóreumenn réðust á Gvam myndu „leikarnir hefjast". Þá sagði Mattis jafnframt að bandaríski herinn myndi verja land sitt fyrir hvaða árás sem er, hvenær sem er og frá hverjum sem er.

Mattis fullvissaði einnig Gvambúa um að yrði eldflaug skotið í átt að eyjunni myndi bandaríski herinn skjóta eldflaugina niður.

Moon Jae-in, forseti Suður-Kóreu, réð Bandaríkjamönnum frá því í gær að svara mögulegum árásum án samráðs við Suður-Kóreu. „Enginn einn aðili má ákveða að grípa til hernaðaraðgerða án samþykkis okkar," sagði Moon. Vísaði hann þar með til varnarmálasamkomulags Bandaríkjanna og Suður-Kóreu en í því segir að ákveða verði í sameiningu hvernig beri að svara þegar öryggi annars hvors ríkisins er ógnað. **thorgnyr@frettabladid.is**

Framkvæmdastjórar yfirgefa Trump

BANDARÍKIN Tveir framkvæmdastjórar stórfyrirtækja sögðu sætum sínum í hinu bandaríska framleiðsluráði lausum í gær. Gerðu þeir það vegna óánægju með svar Donalds Trump Bandaríkjaforseta, sem fer fyrir ráðinu, við mannskæðum óeirðum er urðu í Charlottesville í Virgíníu um helgina.

Þeir Brian Krzanich, framkvæmdastjóri Intel, og Kevin Plank, framkvæmdastjóri Under Armour, bættust þar í hóp með Ken Frazier, framkvæmdastjóra lyfjarisans Merck.

Trump þótti ekki hafna öfgaþjóðernissinnum á nógu afgerandi hátt í fyrstu, en þeir stóðu fyrir mótmælum og ofbeldi í Charlottesville. Á mánudag lýsti hann því þó yfir að slíkt væri algjörlega óboðlegt í bandarísku samfélagi og sagði kynþáttahatur af hinu illa, þeir sem stæðu fyrir ofbeldi í nafni kynþáttahaturs væru glæpamenn og þorparar.

Þremenningarnir eru þó ekki fyrstu viðskiptajöfrarnir sem hafa yfirgefið hin ýmsu ráð Bandaríkjaforseta. Travis Kalanick, þá framkvæmdastjóri Uber, yfirgaf sams konar ráð í febrúar vegna innflytjendastefnu forseta.

Allnokkrir framkvæmdastjórar hafa sagt sig úr ráðum forseta. NORDICPHOTOS/AFP

Þeir Elon Musk, framkvæmdastjóri Tesla, og Robert Iger, framkvæmdastjóri Walt Disney, gerðu slíkt hið sama vegna ákvörðunar Trumps um að draga Bandaríkin út úr Parísarsamkomulaginu svokallaða. – **þea**

FJALLAHJÓLAVIKA 14. - 19. ÁGÚST

ÚTSALA!

mongoose

FJALLAHJÓL

30% AFSLÁTTUR

AF MONGOOSE FJALLAHJÓLUM, GIRO HJÁLMUM
OG FJALLAHJÓLASKÓM

GÁP
WWW.GÁP.IS

FAXAFENI 7 · SÍMI 5 200 200

TRYGGÐU ÞÉR ALVÖRU HJÓL Á FRÁBÆRU VERÐI!

Dýrt og dapurt

Magnús Guðmundsson
magnus@frettabladid.is

Fráfall unga mannsins sem svipti sig lífi á geðdeild Landspítalans er þyngra en tárum taki. Það er sannarlega ástæða til þess að fara rækilega ofan í saumana á því hvernig það gat gerst að ungi maðurinn tók líf sitt svo stuttu eftir að hafa verið vistaður á geðdeild. Það er verkefni heilbrigðisyfirvalda og verður efalítið unnið af kostgæfni en þá vakna líka spurningarnar um hvort brugðist verði við í samræmi við stöðuna í framhaldinu og hvort horft verði á heildarmyndina? Hvort horfst verði í augu við raunverulegt ástand geðheilbrigðismála? Það verkefni er í höndum stjórnvalda.

Þegar Óttarr Proppé tók við stöðu heilbrigðisráðherra í upphafi árs sagði hann m.a. um geðheilbrigðismálin: „Það er mjög mikilvægt að horfa sérstaklega á þennan málaflokk, hann hefur svo mikil áhrif og það að sinna honum illa kemur svo illa niður á einstaklingum sem og samfélaginu öllu. Það er bæði dýrt og ömurlegt.“ Þetta er rétt hjá Óttari, það er bæði dýrt og ömurlegt hvernig er komið fyrir geðheilbrigðismálum á Íslandi, enda er tími róttækra endurbóta löngu runninn upp. Tími innantómra orða löngu liðinn og staða málaflokksins í raun til skammar.

Í marsmánuði sneri Gunnar Hrafn Jónsson, þingmaður Pírata, til starfa á Alþingi eftir veikindaleyfi þar sem hann glímdi við alvarlegt þunglyndi. Í jómfrúarræðu sinni benti Gunnar Hrafn m.a. á að í raun sé sjúklingum mismunað eftir því hvort veikindin séu af líkamlegum eða geðrænum toga því hinir síðarnefndu fái ekki innlögn fyrr en í mikið óefni er komið. „Þetta er galin stefna sem kostar mannslíf en einn á viku fellur fyrir eigin hendi,“ sagði Gunnar Hrafn og er þar með kominn að kjarna málins. Kominn að því sem Óttarr Proppé sagði að væri bæði „dýrt og ömurlegt“.

Ef ein manneskja fellur fyrir eigin hendi í hverri viku að jafnaði er ekki annað hægt en spyrja sig hvort við stöndum ekki frammi fyrir faraldri? Hvort ekki væri fyrir löngu búið að bregðast við með róttækari hætti ef sjúkdómarnir sem að baki liggja væru annars eðlis? Einstaklingar sem glíma við geðsjúkdóma og falla fyrir eigin hendi, falla fyrir sjúkdómnum, deyja af völdum veikinda sinna þó svo þeir beri þá ekki endilega utan á sér. En þar sem staða geðheilbrigðismála er með þeim hætti að fjármagn og aðstæður leyfa vart innlagnir fyrr en í óefni er komið hlýtur það hins vegar að fela í sér ábyrgð stjórnvalda.

Fjármagn er fyrsta forsenda úrbóta. Fyrir fjármagn er hægt að bæta aðstöðu, fjölga starfsfólki, sinna sjúklingum fyrr í ferlinu og mögulega bjarga mannslífum sem hlýtur að vera markmiðið. En því miður virðist markmið núverandi heilbrigðisráðherra frekar vera að rugga ekki bátnum í ríkisstjórnarsamstarfinu, angra ekki fjármálaráðherra með skýlausri kröfu um neyðarframlag til málaflokksins, gæta að efnahagslegum stöðugleika og leita úrræða í gömlum hugmyndum sem liggja í skúffum ráðuneytisins. En því miður þarf annað og meira til þess að endurheimta geðheilbrigðiskerfið á Íslandi og það einfaldlega kostar peninga.

En þar sem staða geðheilbrigðismála er með þeim hætti að fjármagn og aðstæður leyfa vart innlagnir fyrr en í óefni er komið hlýtur það hins vegar að fela í sér ábyrgð stjórnvalda.

Halldór

Frá degi til dags

Miklu fallegra

Greina mátti mikla gleði í orðum formanns skipulagsráðs Reykjavíkur, ráðuneytisstjóra atvinnuvegaráðuneytisins og sjávarútvegsráðherra í Fréttablaðinu í gær þegar þau voru spurð út í brotthvarf sjómannsins sem prýtt hafði Sjávarútvegshúsið undanfarin tvö ár. Eða hitt þó heldur.

Sagði framkvæmdastjóri Iceland Airwaves, sem fjármagnaði verkið, að enginn hafi verið látinn vita af því að yfir verkið skyldi mála.

En eyðilegging listaverksins vekur margar spurningar. Ráðuneytið segist hafa fengið bréf frá borginni um að mála skyldi yfir verkið en hjá borginni kannast enginn við slíkt. Þetta er ráðgáta sem er efni í kvikmynd.

Sumarfrí

Kannski er ekki nema von að enginn kannist við ástæðu þess að sjómanninum var kastað fyrir borð. Í Fréttablaði dagsins er nefnilega greint frá því að engin ríkisstjórn í rúman áratug hafi tekið sér jafn langt frí milli ríkisstjórnarfunda yfir sumartímann og sitjandi stjórn gerði í sumar. Mögulega hafi engin ríkisstjórn tekið sér jafn langt frí frá fundum.

Þetta gagnrýndi Steingrímur J. Sigfússon í grein sinni í gær og spurði hann hvort engin þörf væri á forystu. Slík spurning er þó ef til vill ósanngjörn þar sem ráðherrar gera ýmislegt fleira en að funda saman. thorgnyr@frettabladid.is

Upp úr hjólförunum

Hanna Katrín Friðriksson
þingmaður
Viðreisnar

Á sama tíma og það er mikilvægt að finna færar leiðir til bregðast við þeim vanda sem sauðfjárbændur eiga nú í þarf að horfa til framtíðar. Talsverð umræða hefur verið um nýja búvörusamninginn og þó að ekki sé hægt að leita skýringa á núverandi ástandi í þeim tiltekna samningi, er nauðsynlegt að við endurskoðun hans sé litið til stöðunnar.

Í öllum rekstri á Íslandi sem byggir á útflutningi er gert ráð fyrir sveiflum á mörkuðum og gengi. Slíkt á einfaldlega ekki að koma á óvart. Það sætir því nokkurri furðu að í sauðfjárhluta búvörusamningsins sé gert ráð fyrir umtalsverðum útflutningi á kjöti en hins vegar eru þar engin úrræði til að mæta slíkum sveiflum. Úr þessu þarf að bæta við endurskoðun búvörusamninga svo eitt dæmi sé tekið.

Hvað bráðavanda greinarinnar varðar mun að sjálfsögðu ekki standa á stjórnvöldum að bregðast við innan þess ramma sem samningar og fjárheimildir leyfa. Slíkar lausnir þurfa þó að vera hugsaðar til langs tíma og þær mega ekki vera í þversögn við aðra samninga milli bænda og ríkis. Mistök eru til að læra af þeim og það má draga mikinn lærdóm af þeirri stöðu sem nú er enn og aftur komin upp hjá einni mikilvægustu atvinnugrein þjóðarinnar.

Það er verðug áskorun allra sem að þessum málum koma að forðast að festast í gömlum hjólförum sem ekki færa málin áfram og allra síst í átt að nýjum lausnum. Hugmyndasmiðir núverandi kerfis þyrftu að nýta sér uppbyggilega gagnrýni í stað þess að falla í hefðbundnar gryfjur á borð við þá sem formaður Framsóknarflokksins fellur í þegar hann dylgjar um að Viðreisn sé í hagsmunagæslu fyrir fjármagnsöfl og heildsala af því að flokkurinn boðar breytingar í þessum mikilvægu málum.

Sameiginlegt verkefni fram undan er að tryggja hagsmuni bænda og neytenda til lengi tíma. Er ekki vænlegast að nota kraftana óskerta í það?

Það er verðug áskorun allra sem að þessum málum koma að forðast að festast í gömlum hjólförum sem ekki færa málin áfram.

FRÉTTABLAÐIÐ
ÚTGÁFUFÉLAG: 365 miðlar ehf. STJÓRNARFORMAÐUR: Einar Þór Sverrisson **FORSTJÓRI:** Ingibjörg Stefanía Pálmadóttir **ÚTGEFANDI OG AÐALRITSTJÓRI:** Kristín Þorsteinsdóttir *kristin@frettabladid.is*
AÐSTOÐARRITSTJÓRAR: Hrund Þórsdóttir *hrund@stod2.is*, Kjartan Hreinn Njálsson *kjaranh@frettabladid.is*, Kolbeinn Tumi Daðason *kolbeinntumi@365.is*. Fréttablaðið kemur út í 90.000 eintökum og er dreift ókeypis á heimili á höfuðborgarsvæðinu og Akureyri. Einnig er hægt að fá blaðið í völdum verslunum á landsbyggðinni. Fréttablaðið áskilur sér rétt til að birta allt efni blaðsins í stafrænu formi og í gagnabönkum án endurgjalds. ISSN 1670-3871 **FRÉTTABLAÐIÐ Skaftahlíð 24, 105 Reykjavík Sími: 512 5000,** *ritstjorn@frettabladid.is* **ÞRÓUNARSTJÓRI:** Tinni Sveinsson *tinni@365.is* **HELGARBLAÐ:** Kristjana Björg Guðbrandsdóttir *kristjanabjorg@frettabladid.is* **MARKAÐURINN:** Hörður Ægisson *hordur@frettabladid.is* **MENNING:** Magnús Guðmundsson *magnus@frettabladid.is* **LÍFIÐ:** Guðný Hrönn Antonsdóttir *gudnyhronn@frettabladid.is* **LJÓSMYNDIR:** Vilhelm Gunnarsson *villi@365.is* **FRAMLEIÐSLUSTJÓRI:** Sæmundur Freyr Árnason *sfa@frettabladid.is*

Ósnortin víðerni

Kristín Bjarnadóttir
prófessor emeritus

Hornstrandir og norðurhluti Strandasýslu nefnast nú ósnortin víðerni. Fólk hefur þó búið þar um aldir, allt til nyrstu annesja. Mannlíf og náttúra hafa átt stórkostlega glímu, stundum harmleik. Menn sóttu sjó í ýmsum veðrum. Konur horfðu á menn sína drukkna frá stórum fjölskyldum. Vélvæðing í upphafi tuttugustu aldar vakti vonir um auðveldari lífsbaráttu en varð upphafið að endalokum mannabyggðar. Veðjað var á hvali og síld fyrir atbeina Norðmanna, en veiðin reyndist hverful. Önnur fiskvinnsla strandaði á vegleysum, hafnleysu og rafmagnsleysi. Byggð í nyrstu hreppunum lagðist af um miðja öldina og smám saman hefur byggðin þynnst sunnan þeirra.

Friðland nútímans var fyrrum vettvangur stórframkvæmda sem færðu Hornstrendingum tímabundin tækifæri til nútímalegra búskapar- og atvinnuhátta. Norðmenn reistu hvalveiðistöðvar í Hesteyrarfirði og Veiðileysufirði fyrir aldamótin 1900. Hvalir voru veiddir þar til veiðin hætti að borga sig. Stöðinni á Hesteyri var breytt í síldarbræðslu árið 1922 og var undirstaða atvinnulífs fram undir 1940. Rústir hennar blasa við í Hesteyrarfirði. Síðar var byggð radarstöð á Straumnesfjalli. Rústir hennar standa enn uppi. Síldarverksmiðja var einnig byggð í Djúpuvík á Ströndum og önnur í Ingólfsfirði. Rústir mannvirkjanna eru veglegir minnisvarðar um miklar fyrirætlanir.

Víðátta sem er einungis uppblásnir melar er ekki ósnortin heldur röskuð af veðri, vindum og fjárbeit.

Ekki skyldi halda byggðarlögum í kreppu þar til mannlíf hefur horfið og hægt að hengja á þau merkimiðann „ósnortin víðerni“. Ósnortin víðerni er ekki að finna með ströndum sem voru byggðar frá ómunatíð. Víðátta sem er einungis uppblásnir melar er ekki ósnortin heldur röskuð af veðri, vindum og fjárbeit. Ýmsir binda vonir við stórframkvæmd á Ströndum, virkjun sem framleiðir varanleg verðmæti og verður lengi starfrækt, ólíkt síldarverksmiðjunum. Héraðið mun njóta afurðanna og þess sem er lífsspursmál: bættra samgangna og fjölgun íbúa svo að halda megi uppi ásættanlegu þjónustustigi í samgöngum, skólahaldi og heilbrigðisþjónustu.

Íslensk menning er flétta mannlífs, náttúru og sögu. Ekki er rétt að taka einn þáttinn fram yfir hina á röngum forsendum. Viðfangsefni manna á norðvesturkjálkanum hafa orðið mönnum yrkisefni. Höfundar kvikmyndanna Blóðrautt sólarlag, Börn náttúrunnar og Ég man þig nýttu sér minjarnar um athafnir forfeðranna. Bergsveinn Birgisson lýsir stórbrotnum (of)veiðum á rostungum á þessum slóðum á landnámsöld í bók sinni Svarti víkingurinn. Rústir og mannanna verk virðast listamönnum engu síður hugleikin en bláberjalyngið sem kemur þar seint undan snjó.

Íbúar brothættra byggða ættu að fá að njóta afurða náttúrunnar. Rafmagn frá vatnsaflsstöðvum er hrein og endurnýjanleg náttúruafurð og verkfæri í baráttunni gegn loftslagsbreytingum. Rafbílar koma á vegina í vaxandi mæli. Útblástur gróðurhúsalofttegunda minnkar en þörf fyrir rafmagn til að knýja farartæki eykst að sama skapi. Hnattræn hlýnun er mesta ógn mannkynsins. Hitabylgjur og stórflóð sem eiga sér stað um þessar mundir eru minniháttar viðvörunarmerki.

Hvernig er að búa í æ strjálli byggð? Innviðir samfélagsins veikjast og stirðna, viðhald vega í lágmarki og þeir teppast þegar vetrar. Heilbrigðisþjónusta, skólahald, póstþjónusta, nettenging og jafnvel rafmagn eru vandkvæðum háð. Börnunum fækkar og heimanakstur lengist.

Ef atvinnugrundvöll skortir hnignar byggð. Menn nefna fjárbúskap, sjósókn, reka, dúntekju og hlutverk stjórnvalda við að tryggja búsetu á Ströndum. Sauðfé þar á undir högg að sækja vegna villtra refa úr friðlandi Hornstranda. Sauðfé er líka of margt á Íslandi, land víða ofbeitt svo nálgast rányrkju og offramleiðsla á kjöti. Í stað vöru sem stendur undir framleiðslukostnaði og veitir tekjur er greitt með henni innanlands og margra ára baráttu við að afla markaða austan hafs og vestan. Aukinn strandveiðikvóti breytti einnig litlu um búsetu á Ströndum. Fiskveiðar eru heilsársstarf á stórum skipum. Trilluveiðar eru einungis sumarstarf eins og dúntekjan. Fólk kemur og nýtir hlunnindi þegar vora tekur, æðardún og reka. Fullvinnsla á dúni og reka krefjast raforku.

Menn segja hlutverk stjórnvalda að sjá Árneshreppi fyrir almennilegu rafmagni, nettengingu og samgöngum. Stjórnvöld hafa haft til þess langan tíma en víða skortir skerfi úr sameiginlegum sjóðum. Styrkir til vegamála fara helst þangað sem umferð er. Nyrstu byggðarlögin munu dæmast til auðnar ef ekki kemur til meiri háttar átaksverkefna. Fallvötn eru hrein, endurnýjanleg og sjálfbær orkulind sem ætti að nytja, bæði innanlands en einnig til útflutnings. Það er ekki græðgi heldur góðir búskaparhættir. Brýnasta skylda stjórnvalda er að sjá til þess að orkan verði ekki seld á undirverði eins og sauðfjárafurðirnar.

Miðhálendið

Björt Ólafsdóttir, umhverfis- og auðlindaráðherra

Hvað þýðir miðhálendisþjóðgarður og hvaða markmiðum verður hann að þjóna?

Miðhálendið með sínum kynngimögnuðu óbyggðum er einn helsti fjársjóður okkar Íslendinga. Á svæðinu breiða úr sér ein stærstu víðerni Evrópu og kvik og lifandi átök eldfjalla og jökla hafa skapað landslag sem er engu líkt. Landslag sem vísindamenn NASA rannsaka í samanburði við aðrar plánetur, og landslag sem fyllir útivistarfólk og aðra ferðamenn orku við það eitt að berja það augum. Miðhálendið er þannig eitt af undrum Íslands sem okkur ber skylda til að varðveita og vernda.

Sótt hefur verið inn á hálendið í auknum mæli á undanförnum árum og landsvæðum raskað. Þessi þróun á sér ekki bara stað á Íslandi því stöðugt fækkar í heiminum stórum, óbyggðum svæðum þar sem náttúran ræður ríkjum. Á miðhálendinu eru til dæmis átta virkjanir og mörg uppistöðulón og því er krafan um að sem minnstu verði raskað í viðbót ekki ósanngjörn.

Að mínu mati er því gríðarlega mikilvægt að varðveita náttúruverðmæti miðhálendisins og hef ég sem ráðherra umhverfis- og auðlindamála sett fram hugmyndina um Miðhálendisþjóðgarð sem eitt af mínum helstu stefnumálum. Þar finnst mér lykilatriði að heimamenn séu með í að skapa umgjörðina og móta stefnuna til að þannig þjóðgarður megi nýtast samfélögum og byggðunum sem best. Í þessu ferli þurfum við að spyrja okkur: Hvað þýðir miðhálendisþjóðgarður og hvaða markmiðum verður hann að þjóna?

Af þeim ástæðum hóf ég í byrjun sumars fundaröð með sveitarfélögunum 22 sem hafa skipulagsvald á miðhálendinu til að hlusta á sjónarmið og ábendingar sem ég mun taka með í áframhaldandi stefnumörkun um verndun svæðisins. Einnig hef ég nýlokið við að heimsækja öll rekstrarsvæði Vatnajökulsþjóðgarðs þar sem ég ræddi við þjóðgarðsverði, landverði og fulltrúa sveitarfélaga um kosti og áskoranir sem fylgja þeim þjóðgarði og aukinni vernd á miðhálendinu.

Ég er sannfærð um að það felast mikil tækifæri í miðhálendisþjóðgarði. Fyrir það fyrsta myndi samþætt stjórnunarform líkt og er í hinum valddreifða Vatnajökulsþjóðgarði opna á aukið samstarf þvert á sveitarfélög, þar sem allir hlutaðeigandi myndu eiga þátt í að móta verndar- og stjórnunaráætlun fyrir miðhálendið sem eina heild. Slík sýn, með skýr framtíðarmarkmið, gæti orðið grunnur að heildstæðu skipulagi um frekari vernd, þróun ferðamannaaðstöðu, fræðslu og aðra landnýtingu á miðhálendinu.

Síðast en ekki síst gæti miðhálendisþjóðgarður ýtt undir öflugri byggðaþróun í nærsveitarfélögum, til að mynda í formi fjölbreyttari atvinnutækifæra – líkt og hefur sýnt sig í gróskunni á ýmsum nærsvæðum Vatnajökulsþjóðgarðs. Þar hefur þjóðgarðsformið einnig eflt heildarskipulag á svæðum sem ná yfir fleiri en eitt sveitarfélag.

Miðhálendisþjóðgarður yrði því hreint ekki nafnið eitt. Hann á að hafa í för með sér skipulag og vernd, áætlanagerð, dreift stjórnkerfi, samtal og samvinnu mismunandi aðila sem ætla að nýta svæðið, hvort sem um ræðir bændur, útivistarfólk, vísindamenn, ferðaþjónustuaðila eða aðra. Sem dæmi þyrfti að huga vel að því að sjálfbær hefðbundin nýting, til dæmis sjálfbær beit og sjálfbærar veiðar rúmist innan þjóðgarðsins.

Nú í haust mun koma út skýrsla á vegum umhverfis- og auðlindaráðuneytisins sem unnin hefur verið í samvinnu við helstu hagsmunaaðila. Í henni er velt upp hugmyndum um hvernig best yrði staðið að því að vernda miðhálendið. Sú skýrsla mun nýtast vel við áframhaldandi stefnumörkun um þjóðgarð á miðhálendi Íslands. Ég er bjartsýn á að útkoman fái góðan stuðning. Gallup kannanir sem gerðar hafa verið sýna að hugmyndin nýtur mikils stuðnings landsmanna, en yfir 60% þeirra eru hlynnt henni. Kannanirnar sýna líka að stuðningurinn liggur þvert á stjórnmálaflokkana og því ættu allir flokkar á Alþingi að geta sameinast um þjóðgarð á miðhálendi Íslands.

Um gæði nýju íslensku stjórnarskrárinnar – annar hluti



Stephen M. Duvernay sérfræðingur við California Constitution Center í lagadeild Berkeley-háskóla.

Stjórnarskrárdrögin eru árangur samvinnuferlis sem Alþingi átti skýra aðild að: það var Alþingi sem skipaði stjórnlagaráð árið 2011, og Alþingi ber að fullgilda drög stjórnlagaráðs til þess að ný stjórnarskrá taki gildi.

Grein þessi er annar hluti í seríu sem bandarískir sérfræðingar í stjórnskipunarrétti við Berkeley-háskóla rita til að hvetja Alþingi Íslands til þess að lögfesta nýja stjórnarskrá og virða þannig niðurstöðu þjóðaratkvæðagreiðslu sem fram fór árið 2012. Sérfræðingarnir taka í hverri grein fyrir tiltekna gagnrýni sem viðhöfð hefur verið af andstæðingum nýrrar stjórnarskrár.

Grein þessi er annar hluti í seríu sem þrír sérfræðingar í stjórnskipunarrétti við lagadeild Berkeley-háskóla skrifa. Í greinaseríunni er leitast við að greina og vísa á bug gagnrýni sem fram hefur komið á íslenska stjórnarskrárferlið og Alþingi hvatt til þess að lögfesta drög stjórnlagaráðs að nýrri stjórnarskrá fyrir Ísland.

Í þessari grein fjöllum við um aðra gagnrýni á stjórnarskrárdrögin. Menn hafa sagt að kjósendur skyldu vara sig á þessum stjórnarskrárdrögum, enda hefði almenningur stjórnað gerð þeirra, en ekki stjórnmálamenn eða svokallaðir sérfræðingar. Þetta nefnum við „óttann við fjöldann“.

Íslenska aðferðin fólst í þátttöku sem flestra, og þar var lögð áhersla á að virkja „almenning.“ Þar með eru vefengdar grunnhugmyndir módernísks skilnings á stjórnskipunarrétti, þeirra á meðal er hugmyndin um að stjórnskipunarréttur sé félagslegt fyrirbæri og viðfangsefni sem sé alfarið í höndum löglærðra fagmanna. Einnig er með hinni íslensku aðferð hunsaður sá skilningur að stjórnarskráin sé hin æðsta löggjöf sem nánast sé ógerlegt að breyta.

Hvers vegna ætti almenn þátttaka við gerð stjórnarskrár endilega að vera af hinu illa? Hvaða „sérfræðingar“ sömdu Magna Carta og stjórnarskrá Bandaríkjanna? Þessi grundvallarskjöl voru ekki verk „sérfræðinga“ og atvinnustjórnmálamanna, heldur jarðeigenda og valinkunnra bænda. Það er ekki galli við grundvallarlöggjöf að hún sé verk almennings. Þvert á móti er þar kjarni sjálfstjórnar. Aðkoma borgaranna frá upphafi gerir þeim kleift að koma óskum sínum á framfæri við undirbúning að gerð nýrrar stjórnarskrár og við fyrstu drögin að henni. Það getur eflt lýðræðislegan grundvöll stjórnarskrárinnar og orðið til þess að styrkja samstöðuna um réttmæti hennar.

Nú er það svo, að grundvöllur fulltrúalýðræðis er sú hugmynd að valdið sé alfarið hjá þjóðinni. Stjórnin þjónar almenningi en ekki öfugt. Í stjórnarskrárdrögunum er þessi grundvallarregla höfð að leiðarljósi. Í aðfaraorðum nýrrar stjórnarskrár segir: Við sem byggjum Ísland og er þannig undirbyggt að fólkið ráði stjórnarháttum. Í 2. grein, þar sem handhafar ríkisvalds eru skilgreindir, er eftirfarandi tekið fram: Alþingi fer með löggjafarvaldið í umboði þjóðarinnar.

Öll gagnrýni þess efnis, að stjórnarskrárdrögin séu afrakstur of mikillar aðkomu „þjóðarinnar“, hunsar áralangar athuganir löglærðra sérfræðinga og umræður stjórnmálamanna. Stjórnarskrárdrögin eru árangur samvinnuferlis sem Alþingi átti skýra aðild að: það var Alþingi sem skipaði stjórnlagaráð árið 2011, og Alþingi ber að fullgilda drög stjórnlagaráðs til þess að ný stjórnarskrá taki gildi.

Að lokum má geta þess að það telst varla róttæk og nýstárleg hugmynd að vilja breyta stjórnarskrá Íslands. Jóhanna Sigurðardóttir fyrrverandi forsætisráðherra mælti árum saman með umbótum á stjórnarskránni. Svo er núverandi stjórnarskrá ekki fyrsta stjórnarskrá Íslands. Færa má rök fyrir því að hún sé fjórða nútímalega stjórnarskrá þjóðarinnar (fyrst var það danska stjórnarskráin 1849, svo fyrsta íslenska stjórnarskráin 1874, svo stjórnarskráin frá 1920, og núverandi stjórnarskrá sem samþykkt var í júní 1944). Fræðimenn hafa kallað núverandi stjórnarskrá „bráðabirgðaskjal“ sem átti aðeins að gilda tímabundið, þar sem ávallt stóð til að endurskoða hana. Nú er komið að því.

KRÓNAN

Ferskt íslenskt grænmeti

Glænýtt og gott!

569 kr. pk.
Íslensk jarðarber, 200 g

279 kr. kg
Íslenskt hvítkál

258 kr. pk.
Íslenskir kirsuberjatómatar, 250 g

859 kr. kg
Íslensk paprika

599 kr. kg
Íslenskt blómkál og spergilkál

Öll verð eru birt með fyrirvara um prentvillur og/eða myndabrengl. Afgreiðslutímar á www.kronan.is

Draumi líkast hjá táningnum í fyrsta Evrópuleiknum

Gott Evrópukvöld Liverpool í Þýskalandi Liverpool fór til baka með eins marks forskot og tvö útivallarmörk eftir fyrri umspilsleik sinn á móti Hoffenheim en liðin berjast um sæti í riðlakeppni Meistaradeildarinnar. Hinn átján ára gamli Trent Alexander-Arnold fagnar hér fyrra marki Liverpool í 2-1 sigri en það skoraði hann beint úr aukaspyrnu í sínum fyrsta Evrópuleik. Seinna mark liðsins var sjálfsmark. FRÉTTABLAÐIÐ/NORDICPHOTOS/GETTY

Spilar í bláu allan ársins hring

Gylfi Þór Sigurðsson er við það að ganga í raðir enska úrvalsdeildarfélagsins Everton, eftir að félagið komst að samkomulagi við Swansea um kaupverð. Hann fer í læknisskoðun hjá Everton í dag.

FÓTBOLTI Gylfi Þór Sigurðsson mun í dag gangast undir læknisskoðun hjá Everton en félagið komst í gær að samkomulagi við Swansea um kaupverð á íslenska landsliðsmanninum. Þetta herma heimildir íþróttadeildar 365. Ef Gylfi stenst læknisskoðun, annað aðeins formsatriði, er ljóst að Gylfi Þór mun spila í bláu allan ársins hring, bæði hjá Everton og íslenska landsliðinu.

Eigendur Swansea höfðu áður hafnað tveimur tilboðum í Gylfa Þór en gengu að tilboði Everton í gær, upp á rúmar 40 milljónir punda eða 5,5 milljarða íslenskra króna. Með þessu er ljóst að Gylfi Þór verður langdýrasti íslenski knattspyrnumaður sögunnar en hann hefur rúmlega fjórfaldast í verði síðan Swansea keypti hann frá Tottenham sumarið 2014.

Gylfi verður einnig dýrasti leikmaður Everton í sögu félagsins og tekur við keflinu af Romelu Lukaku, sem Everon keypti frá Chelsea árið 2014 fyrir 28 milljónir punda.

Mál Gylfa mikilvægast

Vísir greindi frá þessu í gærkvöldi en einnig bárust fregnir af þessu í enskum fjölmiðlum. Gylfi Þór hefur lengi verið orðaður við Everton sem hefur tvívegis lagt fram tilboð í kappann, en án árangurs. Bandarískir eigendur Swansea vildu, samkvæmt heimildum enskra miðla, fá 50 milljónir punda fyrir Gylfa Þór.

Um tíma leit út fyrir að ekkert yrði af kaupunum, en aðilar settust aftur að samningaborðinu í upphafi vikunnar og náðu saman í gærkvöldi. Gylfi Þór kom ekki við sögu er Swansea gerði markalaust jafntefli við Southampton um helgina en eftir leik sagði Paul Clement, stjóri velska liðsins, að langmikilvægast fyrir félagið væri að klára mál Gylfa Þórs. Fyrr væri ekki hægt að velta fyrir sér hvers konar liðsstyrk Swansea myndi sækja sér áður en lokað verður fyrir félagaskipti um mánaðamótin.

Í samkeppni við Rooney og Baines

„Gylfi er nú á allt öðrum stað í ensku úrvalsdeildinni en hann var áður," segir Hjörvar Hafliðason, knattspyrnusérfræðingur íþróttadeildar. „Hann var í fallbaráttu með Swansea en er nú hjá liði sem endaði í sjöunda sæti á síðustu leiktíð og stefnir enn hærra á þessari. Gylfi fær þar með tækifæri til að komast aftur í Evrópukeppni, sem hann hefur ekki fengið að upplifa síðan hann var hjá Tottenham."

Hjörvar segir að leikstíll Everton sé frábrugðinn Swansea. „Everton spilaði með tvo framherja í fyrsta leik sínum á tímabilinu og stillti upp í leikkerfið 3-5-2. Ég sé fyrir mér að Gylfi nýtist best sem fremsti maður á miðju, með þá Morgan Schneiderlin og Idrissa Gueye fyrir aftan sig, og taki þar með Davy Klaassen úr liðinu."

Hann vonast enn fremur til að Everton muni nýta krafta Gylfa sem spyrnumanns í föstum leikatriðum. „Það er það sem hefur gert hann að þeim leikmanni sem hann er. En nú er hann kominn með samkeppni frá bæði Wayne Rooney og Leighton Baines um það."

City á sunnudag

Ronald Koeman, stjóri Everton, hefur lengi haft augastað á Gylfa og verður loks að ósk sinni um að fá hann í sínar raðir. Óvíst er hvort Gylfi eigi möguleika á að spila með Everton í rimmu liðsins gegn Hajduk Split frá Króatíu um sæti í riðlakeppni Evrópudeildar UEFA í vetur, en fyrri leikur liðanna fer fram á Goodison Park á morgun.

Everton mætir Manchester City á útivelli á sunnudag en til gamans má geta að næsti grannaslagur liðsins gegn Liverpool verður á Anfield hinn 9. desember.

eirikur@frettabladid.is

Nýjast

ÍSAFJARÐARTRÖLLIÐ AFTUR Í GRINDAVÍKURBÚNINGINN

Miðherjinn öflugi, Sigurður Gunnar Þorsteinsson, hefur ákveðið að snúa heim til Íslands eftir þriggja ára veru í atvinnumennsku í Svíþjóð og Grikklandi. Sigurður Gunnar fer aftur til Grindavíkur þar sem hann spilaði þrjú síðustu tímabilin áður en hann fór út.

Þetta er gríðarlegur liðstyrkur fyrir Grindavíkurliðið sem framlengdi einnig samninga við Ólaf Ólafsson og Þorstein Finnbogason í gær. Þá verður fyrirliðinn Þorleifur Ólafsson nýr aðstoðarþjálfari liðsins en hann lagði skóna á hilluna í vor. Lið með Sigurð Gunnar Þorsteinsson innanborðs hafa komist fimm sinnum í lokaúrslit á síðustu sjö tímabilum hans hér heima, þar af hefur hann þrisvar sinnum orðið Íslandsmeistari (1998 með Keflavík og 2012 og 2013 með Grindav.).

ALDREI FLEIRI LANDSLEIKIR

Íslensku körfuboltalandsliðin höfðu í gær leikið 87 landsleiki á þessu ári sem er nýtt met yfir fjölda landsleikja á einu ári í sögu KKÍ. Gamla metið var frá árinu 2015 en þá léku íslensku landsliðin 86 leiki. Það er orðið ljóst að landsleikjafjöldi ársins fer upp í 109 landsleiki eftir leikina í undankeppni EM og HM hjá kvenna- og karlalandsliðunum í nóvember. Þetta ár er því í algjörum sérflokki. Í ár lék U20 karla á tveimur æfingamótum og U20 kvenna fór í fyrsta sinn í Evrópukeppni. Fyrir utan aukin umsvif hjá U20 karla og U20 kvenna, þá hittu á í ár líkt og árið 2015 bæði Smáþjóðaleikar sem og EuroBasket hjá karlaliðinu.

ARNA STEFANÍA ÖNNUR BESTA SJÖÞRAUTARKONA SÖGUNNAR

Hlaupakonan Arna Stefanía Guðmundsdóttir í FH náði mjög góðum árangri í sjöþraut á Akureyrarmóti UFA sem fór fram á Þórsvelli um síðustu helgi. Arna Stefanía fékk samtals 5.730 stig fyrir árangur sinn í sjöþraut sem er næstbesti árangur íslenskrar konu frá upphafi. Var Arna Stefanía þarna að bæta sig um heil 347 stig en hún átti áður best 5.383 stig frá árinu 2013. Nú er það aðeins Íslandsmethafinn Helga Margrét Þorsteinsdóttir sem hefur gert betur en Íslandsmet hennar eru 5.878 stig frá 2009. Arna Stefanía hoppaði úr fjórða sætinu og upp fyrir þær Sveinbjörgu Zophoníasdóttur (5.723 stig 2014) og Kristínu Birnu Ólafsdóttur Johnson (5.402 stig 2006).

Í dag

17.50	ÍBV - Víkingur Ó.	Sport 2
18.40	Napoli - Nice	Sport
20.45	Markasyrpa Meist.d.	Sport
	Pepsi-deild karla	
18.00	ÍBV - Víkingur Ó.	Eyjar
	Pepsi-deild kvenna	
19.15	Fylkir - Breiðablik	Fylkisv.
19.15	KR - FH	KR-völlur

MARKAÐURINN

Miðvikudagur 16. ágúst 2017

29. tölublað | 11. árgangur

FYLGIRIT FRÉTTABLAÐSINS UM VIÐSKIPTI OG FJÁRMÁL

Beðið eftir stjórnvöldum

Vogunarsjóðir og Goldman Sachs ætla ekki að nýta sér kauprétt að 22 prósenta hlut til viðbótar í Arion banka. Útboð háð því skilyrði að stjórnvöld falli frá forkaupsrétti sínum og að FME klári hæfismat sitt á Taconic og Attestor. Búið að safna fjárfestaloforðum frá erlendum sjóðum fyrir um 100 milljarða.

»2

Baldur og Kjartan kaupa í verðbréfafyrirtækinu ALM

Fimm fjárfestar, þar á meðal þeir Baldur Guðlaugsson, Kjartan Gunnarsson og Magnús Gunnarsson, hafa keypt samanlagt þriðjungshlut í ALM Verðbréfum. Framkvæmdastjóri fyrirtækisins segir engin áform um sameiningar.

»2

Taconic seldi allt í Icelandair í janúar

Vogunarsjóðurinn Taconic Capital seldi alla hluti sína í Icelandair í janúar fyrir um hálfan milljarð, skömmu áður en félagið sendi frá sér kolsvarta afkomuviðvörun. Síðan þá hefur gengi bréfa í félaginu lækkað um 28 prósent.

»8

KFC seldi kjúkling fyrir 3 milljarða

Skyndibitakeðjan KFC á Íslandi hagnaðist um 159,2 milljónir króna í fyrra og jókst hagnaðurinn um 44 prósent á milli ára. Alls nam vörusala keðjunnar 2,9 milljörðum króna í fyrra.

Seldi allt sitt í Icelandair í janúar

Bandaríski vogunarsjóðurinn Taconic Capital seldi alla hluti sína í Icelandair Group í janúar á þessu ári, samtals um hálft prósent, skömmu áður en félagið sendi frá sér viðvörun til Kauphallarinnar þar sem afkomuspá þess var lækkuð um liðlega þrjátíu prósent. Síðan þá hefur gengi hlutabréfa í félaginu lækkað um 28 prósent.

Samkvæmt lista yfir alla hluthafa í flugfélaginu í lok janúarmánaðar, sem Markaðurinn hefur séð, fór vogunarsjóðurinn af hluthafalista Icelandair í mánuðinum. Sjóðurinn hafði áður átt, í gegnum félagið TCA Opportunity Investments, sem er skráð með lögheimili í Lúxemborg, samanlagt um 22,5 milljónir hluta. Miðað við að bréf félagsins voru alla jafna að ganga kaupum og sölum á genginu 22 krónur á hlut í janúar má gera ráð fyrir að sjóðurinn hafi selt hlut sinn fyrir um 495 milljónir.

Samkvæmt upplýsingum Markaðarins hefur Taconic Capital jafnframt losað um alla eignarhluti sína í skráðum félögum hér á landi það sem af er árinu. Sjóðurinn hóf að gera sig gildandi á íslenskum hlutabréfamarkaði í fyrra með kaupum á bréfum í Reitum fasteignafélagi, Icelandair Group, Högum, Marel, Eik fasteignafélagi og N1.

Þrátt fyrir að sú fjárfesting hafi á þeim tíma samanlagt numið milljörðum króna, þá voru kaup sjóðsins í hverju félagi fyrir sig ekki af þeirri stærðargráðu að þau skiluðu honum á lista yfir tuttugu stærstu hluthafa.

» Hlutabréf Icelandair hafa lækkað um 31% það sem af er ári.

Vogunarsjóðurinn á mikilla hagsmuna að gæta hér á landi sem langsamlega stærsti einstaki hluthafi eignarhaldsfélagsins Kaupþings, með tæplega fjörutíu prósenta hlut, sem og stór eigandi í Arion banka með 9,99 prósenta hlut.

Í kolsvartri afkomuviðvörun sem Icelandair Group sendi frá sér 1. febrúar síðastliðinn kom fram að EBITDA-hagnaður félagsins – afkoma fyrir fjármagnsliði, afskriftir og skatta – myndi lækka um 60 til 70 milljónir dala og verða á bilinu 140 til 150 milljónir dala. Vísað var til þess að bókanir hefðu verið hægari en gert var ráð fyrir og að meðalfargjöld á mörkuðum hefðu lækkað umfram spár. Stjórnendur félagsins hækkuðu í síðasta mánuði spána í 150 til 160 milljónir dala.

Hlutabréf flugfélagsins hafa hríðfallið í verði eftir að félagið sendi frá sér umrædda afkomuviðvörun. Alls nemur lækkunin um 28 prósentum. Bréfin meira en tífölduðust í verði á árunum 2010 til 2016. – **kij**

Nasdaq hagnast um 308 milljónir

Hagnaður Nasdaq verðbréfamiðstöðvarinnar nam 307,9 milljónum króna í fyrra og dróst saman um tuttugu milljónir á milli ára, samkvæmt nýjum ársreikningi félagsins. Var arðsemi eigin fjár 51,8 prósent á árinu borið saman við 49,2 prósent árið 2015.

Guðrún Blöndal, framkvæmdastjóri Nasdaq verðbréfamiðstöðvarinnar

Samkvæmt ársreikningi félagsins, sem er í eigu Eignarhaldsfélagsins Verðbréfaþings sem er aftur í eigu bandarísku kauphallarsamstæðunnar NasdaqOMX, voru tekjur þess 691,6 milljónir króna í fyrra. Á móti námu rekstrargjöldin 346 milljónum króna og jukust þau um þrjátíu milljónir á milli ára.

Stjórn félagsins hefur ákveðið að greiða út 310 milljóna króna arð til eigenda. Eigið fé félagsins var 594,6 milljónir króna í lok síðasta árs og heildareignir rúmlega 712 milljónir, en þær drógust saman um hátt í 200 milljónir á milli ára.

Eins og kunnugt er vinna fjárfestar nú að stofnun Verðbréfamiðstöðvarinnar sem mun binda enda á einokun Nasdaq á markaði með skráningu verðbréfa hér á landi. Gert er ráð fyrir að Verðbréfamiðstöðin taki til starfa síðar á árinu. – **kij**

MARKAÐURINN

ÚTGÁFUFÉLAG 365 miðlar ehf., Skaftahlíð 24, 105 Reykjavík, sími 512 5000

Netfang **ritstjorn@markadurinn.is** | Sími **512 5000** | Fax **512 5301**

Ritstjóri **Hörður Ægisson** **hordur@frettabladid.is**

Ábyrgðarmaður **Kristín Þorsteinsdóttir**

Netfang auglýsingadeildar **auglysingar@markadurinn.is** Veffang visir.is

Baldur og Kjartan hafa fest kaup á hlut í ALM

Fimm fjárfestar, þar á meðal þeir Baldur Guðlaugsson, Kjartan Gunnarsson og Magnús Gunnarsson, hafa bæst í hluthafahóp verðbréfafyrirtækisins ALM Verðbréfa. Framkvæmdastjóri fyrirtækisins segir engin áform vera um sameiningar.

Baldur Guðlaugsson, fyrrverandi ráðuneytisstjóri í fjármálaráðuneytinu, Kjartan Gunnarsson, fyrrverandi framkvæmdastjóri Sjálfstæðisflokksins, og Magnús Gunnarsson, fyrrverandi formaður Vinnuveitendasambandsins, eru á meðal þeirra fjárfesta sem hafa eignast hlut í verðbréfafyrirtækinu ALM Verðbréf. Fimm fjárfestar bættust í hluthafahópinn í síðasta mánuði með kaupum á samanlagt þriðjungshlut í fyrirtækinu.

Kanadíska fjármálafyrirtækið Prospect Financial Group, sem Gordon Reykdal, ræðismaður Íslands í Edmonton í Kanada, stýrir, keypti 9,95 prósenta hlut í ALM Verðbréf. Halldór J. Kristjánsson, fyrrverandi bankastjóri Landsbanka Íslands, er framkvæmdastjóri hjá fyrirtækinu. Hinir fjárfestarnir fjórir keyptu hver um sig 5,94 prósenta hlut í ALM.

ALM Verðbréf eru til húsa í Sundagörðum við Skarfabakka. FRÉTTABLAÐIÐ/STEFÁN

Um er að ræða þá Baldur Guðlaugsson, sem var í febrúar árið 2012 dæmdur í tveggja ára fangelsi fyrir innherjasvik og brot í opinberu starfi, og félögin KGK tveir ehf. í eigu Kjartans Gunnarssonar, Fjallatindar ehf. í eigu hjónanna Magnúsar Gunnarssonar og Gunnhildar Gunnarsdóttur og B30 ehf. í eigu hjónanna Stefáns Friðfinnssonar, fyrrverandi forstjóra Íslenskra aðalverktaka, og Ragnheiðar Ebenezersdóttur.

Kjartan, sem sat um árabil í bankaráði Landsbankans, er jafnframt hluthafi í verðbréfafyrirtækinu Virðingu og þá er Magnús Gunnarsson varamaður í stjórn Fossa markaða. Magnús hefur gegnt margvíslegum stjórnarstörfum í íslensku atvinnulífi, en hann var meðal annars forstjóri Sölusambands íslenskra fiskframleiðenda.

Arnar Jónsson, framkvæmdastjóri ALM Verðbréfa, segir afar jákvætt að félagið hafi fengið öfluga fjárfesta til liðs við sig.

Nokkur gerjun hefur verið á fjármálamarkaði undanfarið og hafa mörg félög reynt að leita leiða til þess að ná fram hagræðingu í rekstri. Þannig hefur Kvika til að mynda fest kaup á Virðingu og Öldu sjóðum. Aðspurður segir Arnar engin sérstök áform vera um sameiningar við önnur fjármálafyrirtæki. Hins vegar sé félagið ávallt opið fyrir öllum möguleikum sem bjóðast.

Þeir Baldur og Kjartan eru jafnframt hluthafar og stjórnarmenn í fyrirtækinu A Faktoring, sem sérhæfir sig í reikningakaupum án endurkröfu, en fyrirtækið á í margs konar samstarfi við ALM Verðbréf. Þannig veita fyrirtækin til að mynda saman milligöngu um fjármögnun, svo sem endurfjármögnun skulda eða langtímafjármögnun atvinnuhúsnæðis, fyrir fyrirtæki og fjárfesta. Er ALM Verðbréf enn fremur stór hluthafi í A Faktoring.

Seljendur voru Sigurður Kristinn Egilsson, fyrrverandi starfsmaður ALM Verðbréfa og nú framkvæmdastjóri Arcur Finance, sem seldi 17,2 prósenta hlut, félagið Investar ehf. í eigu hjónanna Gunnars Henriks B. Gunnarssonar, eiganda gleraugnaverslunarinnar Prooptik og stórs hluthafa í Kviku, og Lovísu Ólafsdóttur, sem seldi 9,5 prósenta hlut, Master ehf. í eigu Eyjólfs Arnar Jónssonar, forstöðumanns hjá Íslandsbanka, sem seldi 4,5 prósenta hlut, og loks Valagil ehf. í eigu Ægis Páls Friðbertssonar, framkvæmdastjóra Brims, sem seldi einnig 4,5 prósenta hlut í ALM Verðbréf.

Baldur Guðlaugsson **Kjartan Gunnarsson**

Arnar Jónsson er stærsti hluthafi ALM Verðbréfa með 27,6 prósenta hlut. Þar á eftir koma þeir Hjörtur H. Jónsson og Ísak S. Hauksson, með 17,25 prósenta hlut hvor, en þeir starfa báðir hjá fyrirtækinu. Annar starfsmaður, Þorvaldur Makan Sigbjörnsson, á 4,2 prósent.

Hagnaður ALM Verðbréfa nam um 13,5 milljónum króna í fyrra og dróst saman um 49 prósent á milli ára. Eignir fyrirtækisins jukust um 22 prósent á milli ára og námu rúmri 101 milljón króna í lok árs 2016. Var eiginfjárhlutfallið þá 125,1 prósent.

kristinningi@frettabladid.is
hordur@frettabladid.is

Félag Steingríms úrskurðað gjaldþrota

Félagið Haldleysi, áður Fáfnir Holding, sem er einkahlutafélag í eigu Steingríms Erlingssonar, fyrrverandi forstjóra Fáfnis Offshore, var í síðasta mánuði tekið til gjaldþrotaskipta.

Steingrímur stofnaði Fáfni Offshore árið 2012 og gegndi starfi forstjóra þess þar til í desember árið 2015, þegar hann var rekinn. Félagið sérhæfir sig í þjónustu við olíu- og gasborpalla á norðlægum slóðum og rekur skipið Polarsyssel, sem er dýrasta skip Íslandssögunnar.

Steingrímur var fram að desember árið 2015 andlit Fáfnis út á við, en Jóhannes Hauksson, stjórnarformaður Fáfnis, tók þá við framkvæmdastjórastarfinu um stutt skeið. Í kjölfarið hófust miklar deilur milli Steingríms og meirihlutaeigenda í Fáfni, sem eru meðal annars framtakssjóðirnir Akur og Horn II.

Steingrímur Erlingsson stofnaði Fáfni Offshore árið 2012 en var rekinn þremur árum síðar. Lífeyrissjóðir eru stærstu hluthafar félagsins. MYND/FÁFNIR

Stjórn Fáfnis hefur tvisvar ráðist í skuldabréfaútgáfu upp á samtals 345 milljónir króna til að tryggja áframhaldandi rekstur. Hlutur Haldleysis í Fáfni Offshore minnkaði um leið úr 21 prósenti í lok árs 2015 í rúm tíu prósent, en félagið tók ekki þátt í útgáfunum. – **kij**

DISCOVERY SPORT

ÞÆGILEG STÆRÐ, YFIRBURÐA HÆFILEIKAR

LAND ROVER

ABOVE & BEYOND

Nýr Discovery Sport er rúmgóður jeppi sem til er í 5 og 7 manna útfærslu. Discovery Sport er með nýrri sparneytinni INGENIUM dísilvél og ríkulegan staðalbúnað, upphitaða framrúðu, nýja 9 þrepa sjálfskiptingu og hið annálaða tölvustýrða Land Rover Terrain Response® drifkerfi.

Discovery Sport dísil sjálfskiptur kostar frá 6.290.000 kr.

www.landrover.is

ENNEMM / SÍA / NM83494

VERIÐ VELKOMIN Í REYNSLUAKSTUR

BL ehf
Sævarhöfða 2 / 110 Reykjavík
525 8000 / www.bl.is

BL

Fjárfestarnir sem keyptu samtals um 30 prósenta hlut í Arion banka fyrr á árinu hafa kauprétt að 22 prósenta hlut til viðbótar í bankanum til 19. september næstkomandi. FRÉTTABLAÐIÐ/STEFÁN

Falla frá kauprétti að 22 prósenta hlut

Vogunarsjóðir og Goldman Sachs ætla ekki að bæta við sig hlut í Arion banka. Kaupþing bíður eftir að FME meti hæfi Taconic og Attestor til að gerast virkir eigendur. Útboð háð því að stjórnvöld falli frá forkaupsrétti sínum. Fjárfestaloforð komin fyrir um 100 milljarða.

Hörður Ægisson
hordur@frettabladid.is

Þrír erlendir vogunarsjóðir og bandaríski fjárfestingabankinn Goldman Sachs, sem keyptu samanlagt tæplega 30 prósenta hlut í Arion banka í mars á þessu ári af Kaupþingi, munu ekki bæta við hlut sinn í bankanum síðar á árinu. Fjárfestahópurinn hefur kauprétt að um 22 prósenta hlut til viðbótar, sem gildir til 19. september næstkomandi, en hvorki sjóðirnir né Goldman Sachs hafa hins vegar í hyggju að nýta sér þann rétt og þannig eignast samtals meira en helmingshlut í Arion banka, samkvæmt öruggum heimildum Markaðarins.

Stefnt er að hlutafjárútboði Arion banka, þar sem Kaupþing hyggst þá bjóða allt að 58 prósenta hlut sinn í bankanum til sölu, í október eða nóvember næstkomandi. Samkvæmt heimildum Markaðarins er mikill áhugi af hálfu erlendra sjóða að taka þátt í útboðinu. Þannig hafa Fossar markaðir, sem munu brátt fá formlegt hlutverk við útboðið sem söluráðgjafi Kaupþings, nú þegar safnað fjárfestaloforðum (e. soft commitment) fyrir samtals um 700 til 800 milljónir evra, jafnvirði um 90 til 100 milljarða króna. Að sögn þeirra sem þekkja vel til er í þeim hópi bæði um að ræða sömu sjóði og hafa verið umsvifamiklir wwí fjárfestingum í skráðum félögum í Kauphöllinni síðustu misseri – Eaton Vance, Wellington og Miton – og eins aðra erlenda sjóði sem hafa ekki áður fjárfest á Íslandi og eru meðal annars hluthafar í ýmsum evrópskum fjármálafyrirtækjum. Möguleg þátttaka íslenskra lífeyrissjóða er því ekki talin ráða miklu um hvort Kaupþingi takist að losa um umtalsverðan hlut sinn í bankanum í útboðinu.

Eignarhald á Arion banka



Kaupskil	57,9%
Íslenska ríkið	13%
Taconic Capital	9,99%
Attestor Capital	9,99%
Och-Ziff Capital	6,6%
Goldman Sachs	2,6%

Höfðu frumkvæði að því að óska eftir kauprétti

Það var að frumkvæði vogunarsjóðanna Taconic Capital, Attestor Capital, Och-Ziff Capital og fjárfestingabankans Goldman Sachs sem óskað var eftir því við Kaupþing að fjárfestarnir fengju kauprétt að enn stærri hlut í bankanum síðar á árinu. Sú beiðni, samkvæmt heimildum Markaðarins, kom rétt áður en tilboð þeirra var samþykkt með fyrirvörum í byrjun febrúar um að kaupa 29,2% prósenta hlut í Arion banka á genginu 0,81 miðað við bókfært eigið fé bankans í lok þriðja fjórðungs 2016. Samtals greiddu fjárfestarnir 48,8 milljarða fyrir hlutinn.

Nú liggur hins vegar fyrir að kaupréttur sjóðanna og Goldman Sachs á allt að 22 prósenta hlut í viðbót verður ekki nýttur að neinu leyti. Þórarinn V. Þórarinsson, hæstaréttarlögmaður og ráðgjafi hóps lífeyrissjóða, sem höfðu áformað að kaupa samanlagt um 20 til 25 prósenta hlut í Arion banka, lét hafa það eftir sér í fjölmiðlum eftir að tilkynnt var um kaup vogunarsjóða og bandaríska fjárfestingabankans að þau hafi verið umfangsmeiri en sjóðunum hafði áður verið kynnt og af þeim sökum nokkurt undrunarefni. „Það hefur verið frá upphafi vitað og út frá því gengið að eigendur Kaupþings myndu kaupa hlut. Lengst af hefur verið talað um að sá hluti verði af stærðargráðunni 20 til 25 prósent. Þannig að umfangið kom okkur á óvart. Sérstaklega að það væri með þeim hætti að það gæti verið kaupréttur," sagði Þórarinn í samtali við Visir.is 21. mars síðastliðinn.

Fjárfesting sjóðanna og Goldman Sachs á 29,2 prósenta hlut í Arion banka fyrir um 49 milljarða er samtals varin að ríflega 40 prósenta hluta gagnvart gengisflökti krónunnar, eins og áður hefur verið upplýst um í Fréttablaðinu. Sjóðirnir eru misjafnlega mikið varðir fyrir gengisþróun krónunnar. Samkvæmt heimildum Markaðarins eru vogunarsjóðirnir Taconic Capital og Attestor Capital með samninga um gengisvarnir sem nema í kringum 40 prósentum af fjárfestingu þeirra. Aðkoma Och-Ziff Capital Management að kaupunum var hins vegar háð því skilyrði að Seðlabanki Íslands veitti sjóðnum óafturkallanlega heimild til að verja fjárfestingu sína í bankanum, sem nam um 100 milljónum Bandaríkjadala, að fullu gagnvart gengisþróun krónunnar. Sjóðurinn fékk þá heimild en heildarfjárhæð þeirra gjaldmiðlaskiptasamninga sem fjárfestahópurinn stóð að í tengslum við kaupin í Arion banka var á bilinu 20 til 25 milljarðar.

700 – 800

milljónum evra hafa Fossar markaðir safnað í fjárfestaloforðum frá erlendum sjóðum vegna útboðs Arion banka.

Beðið eftir stjórnvöldum

Hvenær – og hvort – af hlutafjárútboðinu verður mun hins vegar ráðast af hvenær Fjármálaeftirlitið lýkur mati sínu á hæfi Taconic Capital og Attestor Capital, sem keyptu hvor um sig 9,99 prósenta hlut í bankanum, til að fara með virkan eignarhlut í Arion banka og eins að íslensk stjórnvöld staðfesti við Kaupþing að þau hyggist ekki nýta sér mögulegan forkaupsrétt í bankanum ef hann yrði seldur í útboðinu á genginu 0,8 eða lægra miðað við eigið fé. Vonir standa til að slík staðfesting fáist á fundi Kaupþings með ráðamönnum í þessari viku, samkvæmt heimildum Markaðarins. Að öðrum kosti er talið óframkvæmanlegt að halda almennt hlutafjárútboð þar sem forkaupsréttur ríkisins myndi aftra fjárfestum frá því að taka þátt í útboðinu.

Vogunarsjóðirnir sendu upphaflega tilkynningu til FME í byrjun apríl þar sem þeir fóru þess á leit að hefja formlega það ferli að vera

Fólk

MIÐVIKUDAGUR 16. ÁGÚST 2017

Heimili

Gamall sumarbústaður við Meðalfellsvatn fékk andlitslyftingu þegar húsmóðirin ákvað að mála viðarveggina.

heimili →6

„Það er skemmtilegt að sýna hvernig munirnir eru gerðir og geta á sama tíma veitt fræðslu um viðartegundir," segir Jón Guðmundsson. MYND/EYÞÓR

Hrífandi heildarmynd

Jón Guðmundsson hefur stóran hluta ævinnar haft mikinn áhuga á smíði. Nú eru renndir smíðisgripir á borð við skálar, lampa, skip, duftker og aska í aðalhlutverki →2

Starri Freyr Jónsson
starri@365.is

Frá því Jón Guðmundsson man eftir sér hefur hann haft áhuga á að smíða ýmsa hluti úr spýtum. Á bernskuárum hans beindist áhuginn að hefðbundnum krakkaverkefnum, svo sem að smíða kofa og kassabíla. Svo tók við smíði húsgagna og almennt á því sem vantaði og hægt var að smíða úr spýtum.

Áhugi á plöntum og ræktun hefur lengi verið aðaláhugamál hans, ekki síst nýting viðar. „Ég hef nú í hartnær 25 ár ræktað landsvæði á Rangárvöllum og legg þar áherslu á blandaða ræktun þar sem belgjurtir hafa fengið að njóta sín, mitt á meðal annarra ólíkra tegunda, hárra sem smárra. Þar hef ég plantað um 50 þúsund plöntum og er svæðið orðið býsna gróskumikið. Þangað er núna hægt að sækja hráefni til smíða."

Jón er fæddur og uppalinn í Garðinum, einn af fimm systkinum og af heimili þar sem samheldni ríkti og allir lögðu sitt af mörkum til heimilisins. Eftir stúdentspróf lá leið hans í Háskóla Íslands þar sem hann nam líffræði. Eftir útskrift hélt hann til Kaupmannahafnar þar sem hann lagði stund á plöntulífeðlisfræði. Hann starfaði lengst af hjá Rannsóknarstofnun landbúnaðarins og Matvælastofnun en nú er hönnun og smíði aðalstarf hans.

Stærri hlutir

Fyrir um tveimur áratugum ákvað Jón að smíða eingöngu úr lauftrjám, ræktuðum hér á landi. „Þeirri ákvörðun hefur því fylgt að ég hef með tímanum kynnst vel eiginleikum þeirra trjátegunda og hvernig þær nýtast sem hráefni til smíða. Sumar tegundir henta í húsgögn, aðrar í rennsli eða útskurð."

Vinnulag Jóns er þannig að hann sækir trjástofna þar sem verið er að grisja, einkum á höfuðborgarsvæðinu eða í eigin ræktun. „Stofnana hluta ég í sundur og flokka viðinn sem svo fer á viðarlagerinn. Við að vinna með viðinn á þennan hátt og leita að fegurstu bútunum kvikna hugmyndir um hvernig nýta má hann sem best. Þróunin hjá mér hefur verið í þá átt að gera stærri hluti en áður, en hefðbundið trérennsli er þó enn aðalviðfangsefnið."

Falleg skál sem myndi sóma sér víða á heimilinu.

Meðal þeirra muna sem Jón hefur hannað og smíðað undanfarin ár eru þessir fallegu lampar.

> **Það hefur komið skýrt í ljós þegar ég hef verið með rennibekkinn á sýningum og sýnt rennsli, hve margir eru í raun forvitnir um þetta. Oft segir fólk að það hafi lengi langað að læra rennsli en kannski ekki gefið sér tíma eða komið því í verk.**
>
> Jón Guðmundsson

Viðfangsefni Jóns eru mjög fjölbreytt eins og sjá má hér.

Góðar viðtökur

Um þessar mundir eru renndir smíðisgripir, svo sem skálar, lampar, skip, askar og duftker í aðalhlutverki hjá Jóni. „Ég geri t.d. knerri með segli úr viði. Knerrirnir eru að mestu leyti renndir en virðast ekki vera það við fyrstu sýn. Galdurinn liggur í nokkuð mikilli sögun og límingu eftir rennslið."

Jón tekur reglulega þátt í sýningum og hefur fengið ágætis viðtökur að eigin sögn. „Félag trérennismiða á Íslandi hefur að jafnaði verið með sýningu annað hvert ár og ég hef verið með á þeim öllum. Síðasta einkasýning mín var á Fitjum í Skorradal í sumar."

Hann segir almenning ekki bara sýna verkum hans og hönnun athygli heldur líka rennslinu sjálfu. „Það hefur komið skýrt í ljós þegar ég hef verið með rennibekkinn á sýningum og sýnt rennsli, hve margir eru í raun forvitnir um þetta. Oft segir fólk að það hafi lengi langað að læra rennsli en kannski ekki gefið sér tíma eða komið því í verk. Það er skemmtilegt að sýna hvernig munirnir eru gerðir og geta á sama tíma veitt fræðslu um viðartegundir og eðli þeirra og gerð, sem og ræktun trjáa. Það er þessi heildarmynd sem er svo hrífandi; upphafið, vöxturinn og loks úrvinnsla viðar sem ræktaður er hér á landi og þá ekki síst viðartegundir sem ég rækta sjálfur."

Ýmislegt fram undan

Í vetur ætlar hann að renna mjög stórar skálar úr þeim viðartegundum sem vaxa hér á landi og sem bera af í viðarfegurð. „Þar má nefna gullregn, reynivið, selju, gráelri og birki. Einnig ætla ég að vinna að þróun aska og þá ekki sem matarílát heldur til að geyma í ýmsa smáhluti. Auk þess ætla ég að smíða verkfæri sem auðvelda vinnu með stóra trjáboli og sinna áfram kennslu og fyrirlestrum um ofangreind efni."

Jón er með örlítið gallerý í vinnuaðstöðu sinni við Jakasel 4 í Breiðholti þar sem hægt er að kynna sér verk hans. „Annars eru verk frá mér öðru hverju til sölu í verslunum sem sérhæfa sig í sölu handverks, svo sem Kraum í Reykjavík og Kista á Akureyri. Duftkerin eru til hjá Útfararstofu Kirkjugarðanna í Fossvogi. En fólki er líka velkomið að hafa samband við mig beint og og skoða gripina í gallerýinu."

Verk Jóns má kynna sér á Facebook-síðunum Gallery Tré og Íslensk duftker.

HÁGÆÐA
GASELDAVÉLAR

Við höfum mörg járn í eldinum þegar það kemur að úrvali á gaseldavélum því við vitum að ekki elda allir kokkar eins. Hvort sem þú ert ástríðukokkur eða ekki, þá höfum við réttu græjurnar fyrir þig. Ofnarnir okkar eru með fjölda stillinga sem henta ástríðukokkum sem og áhugafólki um matargerð.

ELBA Í YFIR 60 ÁR
3ja ára ábyrgð

Friform
Askalind 3 • 201 Kópavogur • Sími: 562 1500 • friform.is

OPIÐ:
Mán. til fimmtudaga kl. 9 -18
Föstudaga kl. 9 - 17
Lokað á laugardögum í sumar

Fólk er kynningarblað sem býður auglýsendum að kynna vörur og þjónustu í formi viðtala og umfjallana. Í blaðinu er einnig hefðbundið ritstjórnarefni. Blaðið fylgir fréttablaðinu daglega.

Umsjónarmenn efnis: Elín Albertsdóttir, elin@365.is, s. 512 5349 | **Ragnheiður Tryggvadóttir,** heida@365.is, s. 512 5367 | **Sólveig Gísladóttir,** solveig@365.is, s. 512 5351 **Sigríður Inga Sigurðardóttir,** sigriduringa@365.is, s. 512 5372 | **Starri Freyr Jónsson,** starri@365.is, s. 512 5358 | **Vera Einarsdóttir,** vera@365.is, s. 512 5357

Útgefandi: 365 miðlar
Ábyrgðarmaður: Svanur Valgeirsson
Sölumenn: Atli Bergmann, atlib@365.Is, s. 512 5457
Jóhann Waage, johannwaage@365.Is, s. 512 5439
Jón Ívar Vilhelmsson, jonivar@365.Is, s. 512 5429
Ólafur H. Hákonarson, olafurh@365.Is, s. 512 5433

Skoðaðu rúmin okkar áður en þú tekur ákvörðun.

JENSEN®
Designed for Sleep Comfort
www.jensen-beds.com

epal

Skeifan 6 / Harpa / Kringlan / Laugavegur 70 / 5687733 / epal.is

Nordic Seamless*
Verð frá:
299.000.-

Jensen rúm:

- Hvert rúm er sérgert fyrir þig.
- 25 ára ábyrgð á gormakerfi.
- Skandinavísk hönnun.
- Norsk gæðaframleiðsla frá 1947. Áratuga reynsla.
- Gæði, ábyrgð og öryggi.
- Stillanleg rúm, Continental og boxdýnur. Yfirdýnur í úrvali.
- Stuttur afhendingartími, ótal möguleikar.
- Mikið úrval af göflum, náttborðum og yfirdýnum

Continental*
Verð frá:
362.900.-

* Aukahlutir gafl, náttborð og lampar eru ekki innifaldir í verði.

kronotex
FLOORS FOR LIVING

RISA
ÚTSALA
GERÐU EIN BESTU KAUP ÁRSINS!
Á HÖRKU PLANKA HARÐPARKETI
30-60% AFSLÁTTUR
VERÐ FRÁ 1.290 kr. m2
Birgisson
Ármúli 8 I 108 Reykjavík I Sími 516 0600 I www.birgisson.is

Efst til vinstri má sjá hvernig veggirnir voru fyrir málun. Eins og sést birti töluvert til í bústaðnum þegar búið var að mála.



Þorgeir, Kristófer og Bragi fara yfir málefni líðandi stundar.

ALLA LAUGARDAGA MILLI 16:00 OG 18:30.

BYLGJAN 989

Gamall bústaður í nýjan búning

Sigurbjörg Ólafsdóttir ákvað, þrátt fyrir mótmæli barna sinna, að mála furulita veggina í gömlum bústað við Meðalfellsvatn sem hún og maður hennar festu kaup á. Allir eru þó sammála um að útkoman sé stórglæsileg.

Sólveig Gísladóttir
solveig@365.is

Sigurbjörg og Sigurþór Gíslason, maður hennar, eru bændur á Meðalfelli í Kjós en þar hafa þau búið í þrjátíu ár. Bústaðurinn sem þau keyptu stendur við Meðalfellsvatn, í aðeins tíu mínútna göngufjarlægð frá bænum þeirra. „Við keyptum þennan bústað í fyrrahaust af manni sem við þekkjum og hafði átt bústaðinn í fjölmörg ár," segir Sigurbjörg.

Tilurð kaupanna má rekja til þess að sonur þeirra hjóna hafði í hyggju að kaupa bústað en sá fram á að það yrði of dýrt. „Þá hugsuðum við að sniðugt væri að við keyptum bústað sem við gætum leyft krökkunum að vera í þegar þau kæmu í heimsókn. Einnig litum við á þetta sem fjárfestingu," lýsir Sigurbjörg en ætlunin er að leigja bústaðinn út fyrst um sinn til að fjármagna kaupin.

Bústaðurinn, sem er um 50 fm, er gamall en hefur ávallt verið vel við haldið. „Allir veggir bústaðarins voru furulitir og panellinn ekki sá flottasti. Stráknum mínum fannst hann reyndar svo veiðikofalegur að hann sagðist aldrei myndu

Bústaðurinn stendur á ægifögrum stað við Meðalfellsvatn.

tíma að mála hann, en ég var strax ákveðin í að mála."

Verkið var seinunnið og erfitt. „Ég málaði tvær umferðir af grunni og tvær af lit. Fór með litlum pensli í hverja einustu glufu, og það tók langan tíma. Ætli þetta hafi ekki tekið tvo mánuði, en ég vann þetta með öðrum verkum."

Fjölskyldan var mjög ánægð með útkomuna. „Þegar sonur minn settist inn í bústaðinn eftir að ég hafði málað sagði hann: „Veistu mamma, ég tek þetta til baka, þetta er mjög flott.""

Málninguna keypti Sigurbjörg í Slippfélaginu og þar fékk hún einnig ýmis góð ráð. Auk þess fékk hún ráð frá vini þeirra hjóna úr sveitinni sem er málari. „Ég er mjög ánægð með útkomuna. Andrúmsloftið og lyktin í húsinu breyttust mikið," segir hún en ýmislegt fleira hefur verið gert til að flikka upp á bústaðinn. Sett voru ný gólfefni og hitaveita tekin inn. Þá var lóðin drenuð og ýmislegt snurfusað í kringum húsið. „Við eigum margt eftir en við lítum á þetta sem langtímaverkefni."

Hún segir marga hafa komið að verkinu, vini, börn og tengdabörn auk þess sem nágranni þeirra og smiður, Elvar Ólafsson, hafi hjálpað mikið til.

Fit&Run

MIÐVIKUDAGUR 16. ÁGÚST 2017

Kynningar: geoSilica, ALP Bílaleiga

Betri frammistaða á plöntufæði

MYND/EYÞÓR

Bergsveinn Ólafsson, knattspyrnumaður hjá FH, heldur fyrirlestur um plöntufæði á Fit & Run Expo í Laugardalshöll á föstudag. Hann gerðist plöntuæta fyrir tveimur árum og er sannfærður um að það hafi hjálpað honum í boltanum. →2



ENNEMM / SÍA - NM82184

ÞÚ FERÐ LENGRA MEÐ

SAGAPRO

Vinsæl vara við tíðum þvaglátum

SAGA MEDICA

Vera Einarsdóttir
vera@365.is

Framhald af forsíðu

Ég var maðurinn sem borðaði tvær kjúklingabringur í hádeginu og tvær á kvöldin ásamt fullt af skyri og hélt að það væri algerlega ómögulegt að ná árangri í íþróttum og byggja upp vöðva án þess að borða kjöt og mjólkurvörur. Ég hálfpartinn leit niður á fólk á plöntufæði og hafði enga trú á því," upplýsir Bergsveinn. Þegar kærastan hans gerðist vegan fór hann hægt og bítandi að mildast í þeirri afstöðu sinni.

„Ég fór að lesa mér til um plöntufæði, horfa á myndbönd og hlusta á podköst og komst að því að íþróttamenn hefðu náð undraverðum árangri á slíku fæði. Margir töluðu um aukna orku og skjótari endurheimt eftir æfingar sem mér þótti hvort tveggja eftirsóknarvert. Ég hafði mikinn áhuga á að bæta frammistöðu mína í boltanum og hugsaði sem svo að það sakaði ekki að prófa," segir Bergsveinn. Hann byrjaði á einum mánuði. Það gekk svo vel að hann hefur ekki snúið aftur og hefur eingöngu lifað á plöntufæði síðan. Ólíkt því sem Bergsveinn hélt hefur mataræðið ekki dregið úr frammistöðu hans í boltanum. „Þvert á móti sneri það dæminu við og ég hef aldrei verið í betra formi."

Bergsveinn borðar mikið af alls konar grænmeti, baunum, kornvörum, hnetum og fræjum. „Hann segist þó ekki lifa neinu leiðindaeða meinlætalífi. „Ég borða hluti eins og tófú burrito, spínatlasanja og svartbaunaborgara sem er allt hvað ööru betra. Þetta er bara spurning um að opna augun fyrir öðrum valkostum," útskýrir Bergsveinn. Hann segist duglegur að elda sjálfur auk þess sem hann sæki veitingastaði eins og Gló.

Aðspurður segir hann það vissulega hafa verið krefjandi að byrja. „Þú þarft að viða að þér upplýsingum um hráefni, safna uppskriftum og elda mikið sjálfur en þegar þetta er komið í rútínu er þetta ekkert mál."

En hver skyldi munurinn á vegan- og plöntufæði vera? „Þessar stefnur eiga það sameiginlegt að menn borða ekki dýr eða dýraafurðir. Í plöntufæði er útgangspunkturinn hins vegar heilsusamlegra líf og áhersla á sem minnst unnin matvæli. Útgangspunkturinn hjá þeim sem eru vegan er í meira mæli dýravernd og umhverfissjónarmið þó margir séu vissulega líka með heilsusjónarmið í huga. Þar rúmast þó hlutir eins og kex, snakk og annað sem inniheldur ekki dýraafurðir þó það geti ekki endilega talist hollt. Slíkt tilheyrir ekki plöntufæði," útskýrir Bergsveinn.

En hefur honum tekist að smita liðsfélagana í FH? „Já, þeir eru margir klárlega opnari fyrir þessu en aðallega hefur þetta þó náð eyrum nánustu ættingja og vina."

Bergsveinn lauk BS-prófi í sálfræði í vor og er nú að bæta við sig jákvæðri sálfræði og þjálfunarsálfræði. Hann hyggst í framtíðinni flétta námið saman við reynslu sína úr íþróttaheiminum og almennri heilsurækt. Bergsveinn opnaði nýverið heimasíðuna beggiolafs.com en þar deilir hann reynslu sinni, ráðum og uppskriftum.

Fyrirlesturinn á Fit & Run Expo hefst klukkan 17. Aðspurður segir Bergsveinn efnið höfða til hlaupara jafnt sem annarra íþróttamanna. „Ég hugsa að ég hlaupi hátt í tíu kílómetra í hverjum leik og dugar mataræðið vel til þess."

Ólíkt því sem Bergsveinn hélt hefur mataræðið ekki dregið úr frammistöðu hans í boltanum. „Þvert á móti sneri það dæminu við og ég hef aldrei verið í betra formi." MYND/EYÞÓR

Fit & Run er opin öllum

Vöru- og þjónustusýningin Fit & Run verður haldin í Laugardalshöll í annað skipti dagana 17. og 18. ágúst, eða næstkomandi fimmtudag og föstudag. Á Fit & Run er lögð áhersla á undirbúning hlaupara fyrir Reykjavíkurmaraþon Íslandsbanka, almenna hreyfingu, heilsufæði, fatnað, skófatnað og aðrar stuðningsvörur hlauparans ásamt ýmsum uppákomum.

Sýningin, sem er fyrir alla fjölskylduna, er haldin samhliða skráningarhátíð Reykjavíkurmaraþons Íslandsbanka. Hún er opin öllum, sem þýðir að hún er líka fyrir þá sem eru ekki að hlaupa en vilja kynna sér allt það nýjasta á markaðnum og gera góð kaup.

Áætlað er að yfir tuttugu þúsund manns hafi mætt á sýninguna í fyrra og má gera ráð fyrir sams konar fjölda í ár.

Nánari upplýsingar er að finna á fitrunexpo.is

Dagskráin er sem hér segir:

Fimmtudagurinn 17. ágúst

16.30 – Under Armour Bootcamp
17.00 – Úti að hlaupa í náttúrunni – Elísabet Margeirsdóttir
17.30 – Eins og fætur toga
18.00 – Titrandi nuddboltar – Sportvörur

Föstudagurinn 18. ágúst

16.30 – Titrandi nuddboltar – Sportvörur
17.00 – Gaur, ertu ekki vegan? Hvernig getur þú verið svona massaður? – Bergsveinn Ólafsson (fyrirlestur í boði Bose)
17.30 – MGT með Birki – Nike
18.00 – Eríal Pole

Kísill í aðalhlutverki

Geosilica hefur sett þrjár spennandi vörur á markað þar sem kísill er í aðalhlutverki; Renew, Repair og Recover. Þær henta sérlega vel fyrir fólk sem hreyfir sig mikið og vill halda heilsunni í góðu lagi.

Kísill er mikilvægur fyrir myndun og viðhald beina. Hann styrkir bandvef og auðveldar upptöku á öðrum steinefnum, svo sem kalki og magnesíum og hefur góð áhrif á æðakerfið, húð, hár og neglur. Silica frá Geosilica er 100% náttúrulegur kísill, unninn úr steinefnaríku jarðhitavatni frá Hellisheiðarvirkjun. Okkar sérstaða er sú að við notum engin kemísk efni í framleiðsluna eða vöruna sjálfa," segir Ágústa Valgeirsdóttir, verkefna- og vöruþróunarstjóri Geosilica.

Renew, Repair og Recover

Geosilica hefur nú þróað þrjár nýjar vörur þar sem kísill er í aðalhlutverki, auk annarra steinefna „Um er að ræða Renew, Repair og Recover sem hafa mismunandi virkni. Renew er mjög gott fyrir húð, hár og neglur en það inniheldur kísil, sink og kopar. Recover hefur góð áhrif á vöðva og taugakerfið en auk kísils er það magnesíumríkt. Það hentar því vel fyrir fólk sem hreyfir sig mikið og er gott gegn vöðvakrampa. Repair er hugsað fyrir liðina og beinin en það innheldur kísil og mangan," upplýsir Ágústa.

Silica, Renew, Repair og Recover eru í vökvaformi og bragðist líkt og vatn, sem mörgum finnst mikill kostur en aðeins þarf að taka eina matskeið á dag.

Lokaverkefni varð að fyrirtæki Geosilica er sprotafyrirtæki sem varð til í kjölfar lokaverkefnis Fidu Abu Libdeh og Burkna Pálssonar í orku- og umhverfisfræði. „Við ákváðum að nýta affallsvatn frá Hellisheiðarvirkjun en það er uppfullt af steinefum sem annars fara til spillis. Silica, fyrsta varan okkar, kom á markaðinn 2014 en það er 100% náttúrulegt kísilsteinefni í vökvaformi," segir Fida, framkvæmdastjóri Geosilica.

Frá upphafi hefur Geosilica fengið mjög góðar viðtökur en Fida segir mismunandi ástæður fyrir því að fólk taki kísil. „Við höfum fengið góð viðbrögð frá fólki sem hefur þjáðst af gigt, psoriasis og exemi og eins frá fólki sem hefur fengið skallabletti í hársvörðinn. Það vill meina að kísill hafi örvandi áhrif á hárvöxtinn."

Renew, Repair og Recover línan verður formlega kynnt á FIT&RUN sýningunni 17. og 18. ágúst. Vörurnar eru væntanlegar í verslanir en fást á vefsíðunni, www.geosilica.is

Vörurnar frá Geosilica fást á yfir 100 sölustöðum um land allt, í flestöllum apótekum og heilsuvöruverslunum, í Fjarðarkaupum, Nettó og Hagkaupi. Nánari upplýsingar má finna á vefsíðunni. www.geosilica.is

„Við ákváðum að nýta affallsvatn frá Hellisheiðarvirkjun en það er uppfullt af steinefum sem annars fara til spillis. Silica, fyrsta varan okkar, kom á markaðinn 2014," segir Fida, framkvæmdastjóri Geosilica. MYND/ERNIR

Geosilica hefur nú þróað nýjar vörur þar sem kísill er í aðalhlutverki, auk annarra steinefna MYND/ERNIR

Útgefandi: 365 miðlar | **Ábyrgðarmaður:** Svanur Valgeirsson | **Sölumaður auglýsinga:** **Jóhann Waage,** johannwaage@365.is s. 512 5439 | **Veffang:** Visir.is

STÓRSÝNINGIN FIT & RUN EXPO

LAUGARDALSHÖLL 17. OG 18. ÁGÚST 2017

- Skemmtilegar **uppákomur** og **fyrirlestrar**.
- **50 fyrirtæki** með allt það heitasta fyrir hlauparann og alla þá sem stunda hreyfingu.
- **SPRENGITILBOÐ OG FRÁBÆRIR AFSLÆTTIR BÁÐA SÝNINGADAGANA**
- Komdu til að **smakka**, **snerta**, **sjá** og **heyra**!
- **Fyrir alla fjölskylduna!**
- **ALLIR VELKOMNIR**, líka þeir sem eru ekki að hlaupa.

FRÍTT INN

Í samstarfi við REYKJAVÍKUR MARAÞON ÍSLANDSBANKA 19. ÁGÚST 2017

Sýningin er opin: Fimmtudaginn 17. ágúst kl. 15 - 20
Föstudaginn 18. ágúst kl. 14 - 19

ALLAR UPPLÝSINGAR: WWW.FITRUNEXPO.IS - /FITRUNEXPO/

„Avis bílaleiga býður upp á vetrarleigu sem virkar þannig að viðskiptavinur leigir bíl einungis yfir vetrarmánuðina og er lágmarksleigutíminn sex mánuðir," segir Jóhanna Benediktsdóttir, markaðsstjóri Avis Budget Iceland. MYND/ERNIR

Vetrarleiga Avis nýtur sífellt meiri vinsælda hér á landi

Sífellt fleiri landsmenn sjá kosti þess að leigja bíl yfir veturinn þegar meiri not eru fyrir hann á heimilinu. Avis bílaleiga býður upp á sérstaklega gott tilboð þessa dagana.

Margir landsmenn hafa nú þegar uppgötvað kosti Vetrarleigu Avis bílaleigunnar og vinsældir hennar fara vaxandi ár frá ári að sögn Jóhönnu Benediktsdóttur, markaðsstjóra Avis Budget Iceland. „Nú fara skólarnir bráðum að byrja og veðurfar að breytast og taka á sig haustlegri blæ. Avis bílaleiga býður upp á Vetrarleigu sem virkar þannig að viðskiptavinur leigir bíl einungis yfir vetrarmánuðina og er lágmarksleigutíminn sex mánuðir. Þannig fær hann bíl að hausti og skilar aftur að vori."

Hún segir þetta fyrirkomulag henta sérstaklega vel þar sem nauðsynlegt getur verið að hafa aukabíl á heimilinu yfir vetrartímann. „Íslenski veturinn er þannig að erfiðara er að komast á milli staða vegna veðurs og meira er um skutl vegna vetrartengdra áhugamála barnanna svo dæmi sé tekið. Vetrarleigan er einnig ótrúlega hentug fyrir þá fjöldamörgu sem kjósa heilsusamlegri lífsstíl á sumrin með því að hjóla, ganga eða nota strætó og huga þannig í leiðinni að umhverfinu. Það er einnig dýrt að eiga gamlan bíl með síauknum viðgerðarkostnaði en með Vetraleigu er það úr sögunni þar sem viðkomandi fær ávallt nýjan bíl að hausti þegar nýr samningur er gerður."

Gott tilboð

Núna er Avis með sérstaklega gott tilboð í gangi að sögn Jóhönnu og hafa viðbrögðin verið frábær. „Það er hægt er að leigja takmarkað magn af Hyundai i10 og Ford Fiesta yfir vetrarmánuðina á 39.900 kr. á mánuði. Þetta eru bílar sem eru þægilegir, liprir og henta sérlega vel til innanbæjaraksturs og í skutl. Þeir hafa verið mjög vinsælir hjá okkur sem aukabíll inn á heimilið. Auk þeirra bjóðum við líka aðeins stærri bíla á mjög góðu tilboði. Innifalin í vetrarleigu eru bifreiðagjöld, olíuskipti og allt hefðbundið viðhald, tryggingar og 1.000 kílómetrar á mánuði."

> **Vetrarleigan er einnig ótrúlega hentug fyrir þá fjöldamörgu sem kjósa heilsusamlegri lífsstíl á sumrin með því að hjóla, ganga eða nota strætó og huga þannig í leiðinni að umhverfinu.**
>
> Jóhanna Benediktsdóttir

Jóhanna segir það líka vera frábæran kost við Vetrarleiguna að það er einungis greidd ein mánaðarleg greiðsla og eins og fyrr segir sé allt innifalið nema bensínið. „Fólk er því laust við allt vesen og það eru engar óvæntar uppákomur. Því má með sanni segja að ákveðið frelsi felist í því að geta einbeitt sér að öðrum og skemmtilegri hlutum en þeim sem snúa að rekstri og viðhaldi bíla. Úrvalið er mjög fjölbreytt og ættu allir að geta fundið bíl við sitt hæfi. Það er bara um að gera að hringja og kanna málið frekar."

Nánari upplýsingar má finna á www.avis.is.

VIÐ ÓSKUM HLAUPURUM GÓÐS GENGIS Í REYKJAVÍKURMARAÞONINU

HjartaHeill
LJÓSIÐ
birta landssamtök
LJÓNSHJARTA
einstök BÖRN

SPORT

ENSKI BOLTINN ER HAFINN!

Tryggðu þér áskrift á aðeins 399 kr. á dag*
11.990 kr. á mánuði

TRYGGÐU ÞÉR ÁSKRIFT STRAX Í DAG

365.is | Sími 1817

365

*miðað við 12 mánaða bindingu

Náttúran veitir innblástur

Marý Ólafsdóttir vöruhönnuður hefur sent frá sér skopparakringlu úr íslensku birki. Hún segir skopparakringluna minna á náttúruna og ýta undir leik.

Sigríður Inga Sigurðardóttir
sigriduringa@365.is

Marý Ólafsdóttir hefur vakið athygli fyrir hönnun á fallegum, náttúrulegum gripum. Hún frumsýndi skopparakringluna Keili á Hönnunarmars fyrr á þessu ári en um er að ræða handgerða skopparakringlu úr íslensku birki. „Skopparakringlan minnir á náttúruna, ýtir undir einfaldleikann og kyrrðina sem felst í að njóta augnabliksins. Einkenni skopparakringlunnar er að börkur trésins er skilinn eftir á ystu rönd hennar. Handverkið og uppruni efnisins verður fyrir vikið áberandi og nálægðin eða tilfinningin fyrir efninu verður sterkari," segir Marý en hugsunin á bak við Keili er að hvetja til leiks hjá ungum sem öldnum.

Skopparakringlan er rennd úr íslensku birki úr Kjarnaskógi og Hallormsstaðaskógi af 79 ára gömlum handverksmanni frá

Skopparakringlan Keilir minnir á náttúruna, ýtir undir einfaldleikann og kyrrðina sem felst í að njóta augnabliksins.

Vestfjörðum, Ólafi Ingva Ólafssyni föður Marýar, og Hirti Ingasyni á Sauðárkróki. „Keilir er fyrsta verkefnið úr nýrri línu sem ber heitið Heima. Verkefnið gengur út á samstarf hönnuða, handverksfólks og lítilla framleiðenda á Íslandi. Allar vörurnar eru unnar úr íslensku, náttúrulegu hráefni. Hvert verkefni sækir innblástur í íslenska náttúru og lifnaðarhætti með ferskri nálgun," segir Marý.

Náttúru- og borgarbarn

Marý er alin upp í náttúrunni á Vestfjörðum en flutti til Reykjavíkur aðeins 17 ára upp á eigin spýtur. Hún stefndi alltaf á að gera eitthvað skapandi og árið 2004 komst hún inn í vöruhönnun við LHÍ. „Ég var mjög ánægð með námið. Ég útskrifaðist árið 2004 og hef framleitt eigin vörur frá 2006 og rekið eigið fyrirtæki frá 2007. Árið 2008 fluttum við eiginmaður minn til Svíþjóðar og ég hef rekið

„Ég vil taka þátt í að stuðla að hreinni náttúru og hanna og búa til vörur sem fólk getur notað í áratugi, vörur sem fólk kann að meta og ganga jafnvel í erfðir," segir Marý sem er vöruhönnuður að mennt. MYND/ANTON BRINK

fyrirtækið frá Stokkhólmi og Íslandi síðan þá."

Marý segist vera blanda af náttúru- og borgarbarni sem þurfi á grænu umhverfi að halda en vilji helst hafa það inni í miðri borg. „Svo vil ég geta gengið eða hjólað allra minna ferða og haft hlutina eins einfalda og hægt er, sem er lítið mál í Stokkhólmi. Ég hef alveg óvart fikrað mig í átt að einfaldara lífi og minna húsnæði en ég vil halda þeirri stefnu og njóta þess sem er að gerast þessa stundina frekar en að búa í stóru húsi og eiga fullt af hlutum. Ég vil líka taka þátt í að stuðla að hreinni náttúru og hanna og búa til vörur sem fólk getur notið í áratugi, vörur sem fólk kann að meta og ganga jafnvel í erfðir," segir Marý, sem hefur farið æ meira út í að hanna hreina og eiturefnafría hluti úr náttúrulegum efnum.

Fann sjálfa sig

Þegar Marý er spurð hvaða hlutur sem hún hefur hannað sé í mestu uppáhaldi segir hún strax að það sé Keilir skopparakringla. „Mér finnst ég hafa fundið sjálfa mig og mína stefnu mjög skýrt með þessum fallega, litla vandaða hlut þar sem hver hlutur er einstakur, ekki bara út af handverkinu heldur líka þar sem efniviðurinn er lifandi og mjög ólíkur í hverjum hlut fyrir sig."

Undanfarið hefur Marý verið önnum kafin við að markaðssetja Keili skopparakringlu sem er nýkomin í sölu. „Keilir fæst í vefverslun minni, www.mary.is. Þannig er varan „fair trade" og verðið sanngjarnara. Þetta er eins og beint frá býli nema þetta er beint frá hönnuði og handverksmanni," segir Marý.

Hægt er að fylgjast með Marý á instagram www.instagram.com/maryconceptdesign/

Sæbjúgnahylkin eru bylting

Magnús Friðbergsson mælir með sæbjúgnahylkjum frá Arctic Star en hann finnur mun á sér eftir að hann fór að nota þau. Sæbjúgu innihalda fimmtíu tegundir af næringarefnum.

Í Kína eru sæbjúgu þekkt sem heilsubótarfæði og notuð til bóta við hinum ýmsu meinum. Kínverjar kalla sæbjúgu gjarnan „ginseng hafsins" og til eru sagnir um notkun sæbjúgna þar fyrir meira en þúsund árum.

Arctic Star sæbjúgnahylkin innihalda yfir fimmtíu tegundir af næringarefnum sem geta haft jákvæð áhrif á lífeðlisfræðilega starfsemi mannslíkamans, til dæmis er mikið kollagen í þeim en það er eitt helsta uppbyggingarprótein líkamans.

Finnur mikinn mun á sér

Á síðustu árum hefur Arctic Star sérhæft sig í þróun á fæðubótarefnum, svo sem framleiðslu, markaðssetningu og sölu á hágæða sæbjúgnahylkjum. Hylkin eru framleidd úr íslenskum, hágæða, villtum sæbjúgum sem eru veidd í Atlantshafinu. Magnús Friðbergsson, verkefnastjóri hjá Landspítala, hefur tekið sæbjúgnahylkin frá Arctic Star undanfarin tvö ár. „Vinur minn kynnti mig fyrir sæbjúgnahylkjunum og þar sem ég hafði lengi verið slæmur í hnjám, með liðverki og lítið getað beitt mér ákvað ég að prófa. Tveimur til þremur vikum seinna fann ég mikinn mun. Nú hef ég tekið sæbjúgnahylkin í tvö ár og fer allra minna ferða án óþæginda. Það er algjör bylting frá því sem áður var. Nú get ég gert hluti eins og að fara í langar gönguferðir, sem ég gat varla gert áður. Að minnsta kosti gerði ég það ekki með bros á vör og það tók mig langan tíma að jafna mig eftir álag," útskýrir hann.

Magnús, sem er 67 ára gamall í dag, hafði fengið að heyra frá lækni að mikið slit væri í hnjám hans og ekki væri von á að það gengi til baka. „Hann sagði mér að kíkja á fæðingardaginn minn og að ég gæti ekki búist við að fara aftur í tíma. Mér fannst vont að heyra þetta og var því tilbúinn að prófa ýmislegt sem gæti mögulega lagað þetta. Sæbjúgnahylkin frá Arctic Star virka mjög vel á mig og ég mæli með að fólk prófi þau."

Magnús er betri í hnjám og finnur minna fyrir liðverkjum eftir að hann fór að taka sæbjúgnahylkin. MYND/GVA

Framleiðandi sæbjúgna er Arctic Star ehf. Allar nánari upplýsingar fást á arcticstar.is. Arctic Star sæbjúgnahylki fást í flestum apótekum og heilsubúðum og í Hagkaupum.

Arctic Star

LAGER-
SPRENGJA
70%
afsláttur
Ný vara frá
Yoek, Mos Mosh
og Elinette!
hjá
Hrafnhildi
Engjateigi 5 // 581 2141 // hjahrafnhildi.is

Smáauglýsingar

512 5000
Afgreiðsla smáauglýsinga og sími er opinn alla virka daga frá 9-16
Netfang: smaar@frettabladid.is

BÍLAMARKAÐURINN

JEEP Grand cherokee limited. Árgerð 2015, ekinn 29 Þ.KM, bensín, sjálfskiptur. Verð 7.990.000. Rnr.224184. BILAMARKADURINN.IS 5671800

TOYOTA Land cruiser 150 series. Árgerð 2016, ekinn 47 Þ.KM, dísel, sjálfskiptur skoðar skipti Verð 8.390.000. Rnr.224255. BILAMARKADURINN.IS 5671800

TOYOTA Land cruiser 120 gx 38". Árgerð 2008, ekinn 248 Þ.KM, dísel, sjálfskiptur GX með topplúga - Kastarar/kastaragreind , Snorkel, Loftlæsingar framan, orginal að aftan, Auka tankur fyrir Diesel Nýtt í bremsum allan hringinn, nýjir koni demparar aftan, 50-60þ km í næstu tímarrim Verð 4.590.000. Rnr.234356.BILAMARKADURINN.IS 5671800

Bílamarkaðurinn
Smiðjuvegi 46E, Kópavogi
Sími: 567 1800

BORGARBÍLASALAN
580 8900 • borgarbilasalan.is

100% LÁN Í BOÐI!!!
'08 MERCEDES-BENZ B 180 CDI (207). EK 128 Þ.KM, DÍSEL, SJÁLFSK. ÁSETT 1.380Þ #471281. S: 580 8900

100% LÁN Í BOÐI!!!
'16 NISSAN MICRA VISIA. EK 28 Þ.KM, BENSÍN, SJÁLFSK. ÁSETT 1.399Þ #480427. S: 580 8900

100% LÁN Í BOÐI!!!
'99 BMW Z3 M ROADSTER CONVERTIBLE. EK 158 Þ.KM, BENSÍN, 5 GÍRAR. ÁSETT 1.480Þ #104085. S: 580 8900

BORGARBÍLASALAN
580 8900 • borgarbilasalan.is

100% LÁN Í BOÐI!!!
'03 SKODA OCTAVIA ELEGANCE TURBO. EK 237 Þ.KM, BENSÍN, SJÁLFSK. ÁSETT 399Þ #480357. S: 580 8900

100% LÁN Í BOÐI!!!
'99 MERCEDES-BENZ E E320 4MATIC. EK 281 Þ.KM, BENSÍN, SJÁLFSK. ÁSETT 499Þ #480568. S: 580 8900

100% LÁN Í BOÐI!!!
'07 YAMAHA FZ6 ABS. EK 26 Þ.KM. TILBOÐ 499Þ #480560. S: 580 8900

BORGARBÍLASALAN
580 8900 • borgarbilasalan.is

100% LÁN Í BOÐI!!!
'06 KAWASAKI Z1000. EK 48 Þ.KM. TILBOÐ 499Þ #452892. S: 580 8900

100% LÁN Í BOÐI!!!
'04 VOLVO V70 2.0 TURBO. EK 169 Þ.KM, BENSÍN, SJÁLFSK. ÁSETT 680Þ #452931. S: 580 8900

100% LÁN Í BOÐI!!!
'04 AUDI A4 LEÐUR 164 HÖ. EK 159 Þ.KM, BENSÍN, SJÁLFSK. ÁSETT 699Þ #472324. S: 580 8900

100% LÁN Í BOÐI!!!
'12 PEUGEOT 206+. EK 129 Þ.KM, BENSÍN, 5 GÍRAR. TILBOÐSVERÐ 699Þ #471679. S: 580 8900

BORGARBÍLASALAN
580 8900 • borgarbilasalan.is

100% LÁN Í BOÐI!!!
'07 TOYOTA AURIS SOL. EK 114 Þ.KM, BENSÍN, 5 GÍRAR. ÁSETT 880Þ #472351. S: 580 8900

100% LÁN Í BOÐI!!!
'03 TOYOTA LAND CRUISER 120. EK 297 Þ.KM, DÍSEL, 5 GÍRAR. ÁSETT 999Þ #480593. S: 580 8900

100% LÁN Í BOÐI!!!
'12 TOYOTA YARIS. EK 115 Þ.KM, BENSÍN, 6 GÍRAR. ÁSETT 1.290Þ #480608. S: 580 8900

Borgarbílasalan
Funahöfða 1, 110 Reykjavík
Sími: 580 8900

VAKA

Öruggir Vinnuvéla-Lyftara og Bifreiðaflutningar á verði fyrir þig.

Vaka
Skútuvogi 8, 104 Reykjavík
Sími: 567 6700
24 tíma þjónusta
http://www.vakahf.is

SUZUKI

SUZUMAR gúmmíbátar. Uppblásnir slöngubátar með álgólfi og mikla burðargetu. Til i stærðum frá 2,9m - 4,2m. Verð frá 255.000.- kr.

SUZUKI UMBOÐIÐ ehf
Skeifunni 17, 108 Reykjavík
Sími: 565-1725
suzuki@suzuki.is
Suzuki.is / suzukisport.is

GÓÐIR Í HAUST!

TILBOÐ 2.890.000

KIA Carens ex 7 manna. Árgerð 2015, ekinn 68 Þ.KM, dísel, sjálfskiptur 6 gírar. **TilboðsVerð 2.890.000.** **Ásett verð 3.490.000** Rnr.212251.

TILBOÐ 1.590.000

RENAULT Megane berline. Árgerð 2015, ekinn 73 Þ.KM, dísel, 6 gírar. **TilboðsVerð 1.590.000.** **Ásett verð 2.090.000.** Rnr.340396.

TILBOÐ 2.990.000

SKODA Octavia combi ambition 1.6 tdi 4x4. Árgerð 2014, ekinn 103 Þ.KM, dísel, beinskiptur.**Ásett verð 2.990.000.** **tilboðsVerð 2.690.000.** Rnr.210905.

TOYOTA Yaris hybrid. Árgerð 2012, ekinn 75 Þ.KM, bensín, sjálfskiptur. **Verð 1.750.000.**Einn eigandi topp bíll. Rnr.115965.

FORD B-max titanium. Árgerð 2013, ekinn aðeins 4 Þ.KM, bensín, sjálfskiptur 6 gírar. **Verð 2.450.000.**umboðsbíll 1 eigandi Rnr.340446.

SUBARU Legacy outback preminum. Árgerð 2016, ekinn 61 Þ.KM, dísel, sjálfskiptur. **Verð 4.790.000.** Rnr.212439.

NISSAN Pulsar acenta. Árgerð 2016, ekinn 65 Þ.KM, bensín, sjálfskiptur. **Verð 2.790.000.** Rnr.212461.



FORD Mondeo. Árgerð 2015, ekinn 43 Þ.KM, bensín, sjálfskiptur 6 gírar. **Verð 2.990.000.** Rnr.340592.

DODGE Durango citadel. Árgerð 2016, ekinn 17 Þ.KM, bensín, sjálfskiptur.full hlaðin búnaði **Verð 7.980.000.**Rnr.115938.

TILBOÐ 2.995.000

LAND ROVER Range rover sport hse v8 diesl. Árgerð 2007, ekinn 152 Þ.KM, dísel, sjálfskiptur 6 gírar. **TILBOÐ 2.995.000.**umboðsbíll Rnr.115436.

567 2277 NÝJA WWW.NYJA.IS
BÍLAHÖLLIN
BÍLAKJARNINN VIÐ BREIÐHÖFÐA 110 REYKJAVÍK

Opnunartími: Mán-föst kl. 10-18 • Lau kl. 12-15 • Lokað sunnudaga.
Sími utan opnunartíma • S. 861 2165

DODGE Ram 3500 long horn ltd. Árgerð 2017, Nýr dísel, sjálfskiptur. **Verð 8.048.000.+ vsk** tveggja ára ábyrð Rnr.115928.

FORD F350 platinium ultimade. Árgerð 2017, nýrr bíll , dísel, sjálfskiptur. **Verð 8.370.000.+ vsk** tveggja ára ábyrð Rnr.212195.

FORD F350 king ranch. Árgerð 2008, ekinn aðeins 83 Þ.KM, dísel, sjálfskiptur. **Verð 3.620.000. + vsk** topp bíll einn eigandi Rnr.340529.

Bílafjármögnun Landsbankans

KRÓKUR

KRÓKUR
Við flytjum bifreiðar og vinnuvélar á öruggan og hagkvæman hátt.

Krókur
Sími: 522 4600
http://www.krokur.net

Bílar til sölu

Toyota Rav dísel 2,2. Árg 2014. Sjálfskiptur, upphækkaður, með krók og ný heilsársdekk. Fallegur og kraftmikill jepplingur. Verð. 3.690.000 kr. Nánari uppl. í s. 8942460.

Benz C 350 Plug in Hybrid 2015 Stw Avantgarde innrétting og útlit. Comfort sætapakki. Harman Kardon sound system. Loftpúðafjöðrun ofl ofl ofl Verð 6,4m. Tilboð 5,8m. Uppl: 899 0410

Hyundai Santa Fe árg. 2004. Bensín. 5 gíra. S. 6162597

Susuki Vitara árg 06 ek 115 þús Diesel beinskiftur skoðaður sumardekk topp bíll verð 1380 gsm 8927852

Bílar óskast

BÍLL ÓSKAST Á 25-250ÞÚS.
Má þarfnast lagfæringa.
Hringdu S. 615 1815 eða sendu sms.

Hjólbarðar

VAKA

NÝJU SAILUN DEKKIN Á FRÁBÆRU VERÐI.
Einnig úrval notaðra dekkja. Tökum notuð uppí ný. Vaka s. 567 6700

Bátar

VEIÐIVÖTN VEIÐIVÖTN
Netin tilbúin þekking reynsla gæði. heimavik.is s. 892 8655

Þjónusta

Hreingerningar

VY-ÞRIF EHF.
Öll almenn þrif, fyrir heimili, húsfélög, fyrirtæki ofl. Gerum verðtilboð. S. 512 4010 www.vy.is

Garðyrkja

Smávélaviðgerðir, Garðsláttuvélar, sláttuorf, sláttutraktorar, jarðvegsþjöppur, dælur, kerrusmíði, Gokart þjónusta, keðjusagir, rafstöðvar, einnig úrval af notuðum sláttuvélum. Vélverk JS S. 554 0661. www.velaverkjs.is

Bókhald

Bókhald, VSK, laun, skattskýrslur og stofnun fyrirtækja. Fagleg vinnubrögð á sanngjörnu verði. Bókhald og þjónusta ehf. Sími 511 2930.

Búslóðaflutningar

Ert þú að flytja? Búslóðafl., fyrirtækjafl., pianófl. o.fl. Extra stór bíll. Búslóðalyfta. Flutningaþj. Mikaels. S. 894 4560 www.flytja.is flytja@flytja.is

Húsaviðhald

FLÍSALAGNIR - MÚRVERK - FLOTUN SANDSPARSL - MÁLUN - TRÉVERK
Ásamt öllu almennu viðhaldi fasteigna.

Áratuga reynsla og þekking skilar fagmennsku og gæðum.

Tímavinna eða tilboð.

Strúctor byggingaþjónusta ehf.

S. 893 6994

Spádómar

SPÁSÍMINN 908 5666
Stjörnuspá. Tarot. Ársspá. Draumráðningar, ást og peningar. Andleg hjálp. Trúnaður.

Rafvirkjun

RAFLAGNIR, DYRASÍMAR. S. 663 0746.
Bjóðum hagstætt verð í töfluskipti. Straumblik ehf. Löggiltur Rafverktaki. straumblik@gmail.com



Keypt & Selt

Til sölu

myranaut

Ungnautakjöt beint frá býli. Minnst 1/8 úr skrokk. Hakk, gúllas, snitsel og steikur. www.myranaut.is s. 868 7204

Óskast keypt

KAUPUM GULL - JÓN & ÓSKAR
Alla virka daga í verslun okkar Laugavegi 61 Jón & Óskar
jonogoskar.is s.552-4910

Til bygginga



HARÐVIÐUR TIL HÚSABYGGINGA. SJÁ NÁNAR Á: VIDUR.IS
Vatnsklæðning, panill, pallaefni, parket, útihurðir, ofl. Gæði á góðu verði. Nýkomnar Eurotec A2 harðviðarskrúfur. Penofin harðviðarolía. Indus ehf, Óseyrarbraut 2 Hf, Uppl.hjá Magnúsi í símum 660 0230 og 561 1122.

Skólar & Námskeið

Námskeið

Hverju vill biblían koma á framfæri við þig? Næsta námskeið hefst þri 22/8. Nánar í S. 867 1640

Húsnæði

Húsnæði óskast

110 REYKJAVÍK
ÁRBÆR / ÁRTÚNSHOLT
Einstæður faðir með tvö börn í skóla í 110 óskar eftir 2-3ja herbergja íbúð í Hraunbæ / Selás eða Ártúnsholti á sanngjörnu verði. Reglusemi og skilvísar greiðslur.
Nánari uppl. í síma 824 1485

EINBÝLI / HÆÐ / RAÐHÚS Í 110 RVK
EÐA NÁGRENNI ÓSKAST
Hjón með 3 börn óska eftir einbýli, raðhúsi, eða hæð í 110 RVK eða nágrenni. Aðeins langtímaleiga kemur til greina. Reglusemi og skilvísum greiðslum heitið.

Nánari upplýsingar sendist á: sendtohelgi@gmail.com

Góð kaup!

KOMDU OG PRÓFAÐU!

bill.is

Malarhöfða 2
Sími 5773777
www.bill.is

SUZUKI Sx4 s-cross
Verð: 2.790.000
Árgerð: 2015 | Bensín
Ekinn: 44þ.km. | 5 gírar
Rnr.107439.

SUZUKI Grand vitara
Verð: 3.490.000
Árgerð: 2015 | Bensín
Ekinn: 82þ.km. | Sjálfskiptur.
Rnr.302127.

MERCEDES-BENZ Glc 220
Verð: 7.990.000
Árgerð: 2016 | Dísel
Ekinn: 20þ.km. | Sjálfskiptur.
Rnr.270861.

BMW 520 d xdrive m teck 4x4.
Verð: 6.990.000
Árgerð: 2016 | Dísel
Ekinn: 4þ.km. | Sjálfskiptur.
Rnr.270346.

TOYOTA Land cruiser 120
Verð: 1.690.000
Árgerð: 2004 | Bensín
Ekinn: 254þ.km. | Sjálfskiptur.
Rnr.120296.

TOYOTA Avensis
Verð: 3.690.000
Árgerð: 2016 | Bensín
Ekinn: 43þ.km. | Sjálfskiptur.
Rnr.260597.

Atvinnuhúsnæði

Vantar ca 100 fm húsnæði til leigu á höfuðborgarsvæðinu. Jarðhæð. Upplýsingar:699-6762 eða hreinverk.is - Tómas

Geymsluhúsnæði

GEYMSLUR.IS
SÍMI 555-3464
Þarftu þitt pláss? Við erum með nóg af því. Allt að 20% afsláttur. www.geymslur.is

WWW.GEYMSLAEITT.IS
FYRSTI MÁNUÐUR FRÍR
á minna en 7 m2. Ódýrt eftir það. S: 564-6500

Atvinna

Atvinna í boði

MÓTTAKA
41 - A Townhouse Hotel, leitar af starfskrafti í móttökustarf með frábæra þjónustulund í skemmtilegt starf. Góð ensku kunnátta skilyrði. Unnið er á vöktum 2-2-3.

Ef þú heldur að þetta sé eitthvað fyrir þig sendu okkur þá ferilskrá á jobs@41hotel.is

GULLNESTI GRAFARVOGI
Óskum eftir röskum, íslenskumælandi starfskrafti virka daga frá 10-17.
Upplýsingar í síma 898-9705, Daði

HOTEL RECEPTIONIST
41 - A Townhouse Hotel is looking for a receptionist/ greeter to join our team. You must be confident and professional, have strong customer service skills and be able to work as a team player. Fluent English required.

If this sounds interesting to you please send your info to jobs@41hotel.is

HEILBRIGÐ HÚS EHF

HÚSASMIÐUR ÓSKAST !
Óska eftir að ráða vanan húsasmið til starfa. Hæfniskröfur eru: Sveinspróf í húsamíði A.m.k. 5 ára reynsla í faginu. Sjálfstæð vinnubrögð. Gott vald á íslensku.
Umsóknir sendist á gustismidur@gmail.com
Upplýsingar gefur Ágúst í síma 699 8393

BOOZTBAR
Óskar eftir að ráða til starfa gott fólk Dagvinna. Hlutastörf kvöld og helgar. Umsóknum skilað á booztbarinn@booztbarinn.is

Work! Need person with some experience to work on house, concrete and more. Information: 6185286, Þórður.

Atvinna óskast

SMIÐIR - VERKAMENN - MÚRARAR
Erum með vana smiði, verkamenn, múrara og pípara sem eru klárir í mikla vinnu HANDAFL EHF s. 777 2 333

Atvinna

SMIÐIR - VERKAMENN - MÚRARAR
ERUM MEÐ VANA SMIÐI, VERKAMENN, MÚRARA OG PÍPARA SEM ERU KLÁRIR Í MIKLA VINNU.
HANDAFL EHF s. 777 2 333

Fasteignir

Snyrtistofan Systrasel til sölu

Frábær staðsetning á Háaleitisbrautinni í Reykjavík. Snyrtistofa með góða tekjumöguleika og góðan viðskiptamannahóp. **Tilboð óskast.**

Hafðu samband
SIGURÐUR SAMÚELSSON
löggiltur fasteignasali.
Sími 896 2312
sigurdur@landmark.is

LANDMARK
FASTEIGNASALA
SÍMI 512 4900 - HLÍÐARSMÁRI 2 - LANDMARK.IS

Fasteignir

Fasteignasala Kópavogs
Ábyrgð, reynsla & góð þjónusta

Gyða Gerðarsdóttir
lögg. fasteignasali

Gyðufell 8, 111 Reykjavík

Opið hús fimmtudaginn 17 ágúst milli kl 17.00 og 18.00.
Íbúðin er á annari hæð í miðju (merkt Júlíus og Hrafnhildur á hurð) Vel skipulögð 67,3 fm, íbúð, með yfirbyggðar svalir, og geymslu á fyrstu hæð. Stutt í alla þjónustu og skóla. **Ásett verð, 26,8 mkr.**

ALLAR UPPLÝSINGAR VEITIR KRISTJÁN Í SÍMA 896 3867

Vegna mikillar sölu vantar fleiri eignir á skrá.
Fasteignasala Kópavogs • Hamraborg 14a • S 517 2600

Atvinna

ATVINNA

FRAMTÍÐARSTÖRF Í RÚMFATALAGERNUM Á SMÁRATORGI

Óskum eftir að ráða hresst og jákvætt fólk til starfa í metravörudeild, smávörudeild, baðdeild, fatadeild og á kassa. Bæði fullt starf og hluta-starf í boði. Gott atvinnutækifæri sem býður upp á frábæra framtíðarmöguleika. Einnig bjóðum við upp á áfyllingavaktir virka daga frá kl. 7:00 - 11:30.

Vinsamlegast sendið ferilskrá á ivar@rfl.is eða fyllið út umsókn á staðnum.
Umsóknarfrestur er til 25. ágúst.

RÚMFATA LAGERINN
HERBERGIÐ • BAÐIÐ • HEIMILIÐ
www.rumfatalagerinn.is

Auglýsing um breytingar á skipulagi í Kópavogi.

Breyting á Aðalskipulagi Kópavogs 2012-2024. Nónhæð.

Bæjarstjórn Kópavogs samþykkti 13. júní 2017 að auglýsa í samræmi við 1. mgr. 31. gr. skipulagslaga nr. 123/2010 tillögu að breyttu Aðalskipulagi Kópavogs 2012-2024. Tillagan fjallar um breytingu á landnotkun og talnagrunni fyrir Nónhæð. Nánar tiltekið nær breytingin til svæðis sem afmarkast af Arnarnesvegi í suður, Smárahvammsvegi í austur, lóðamörkum húsa sunnan Foldarsmára í norður og húsagötu að Arnarsmára 32 og og 34 í vestur. Í gildandi aðalskipulagi er landnotkun á svæðinu samfélagsþjónusta og opin svæði en breytist samkvæmt tillögunni í íbúðarbyggð og opin svæði sem mun nýtast almenningi til leikja og útiveru. Áætlað er að fjöldi íbúða verði allt að 140.

Tillagan er sett fram í greinargerð dags. í maí 2017. Nánar um tillöguna vísast til kynningargagna.

Breyting á deiliskipulagi. Nónhæð.

Í samræmi við ofangreinda breytingu á aðalskipulagi Kópavogs var á fundi bæjarráðs Kópavogs þann 10. ágúst 2017 samþykkt að auglýsa breytingu á deiliskipulagi Nónhæðar í samræmi við 1. mgr. 43. gr. skipulagslaga nr. 123/2010. Nánar tiltekið nær tillagan til svæðis sem er um 31.000 m2 að flatarmáli og afmarkast af Arnarnesvegi til suðurs, Smárahvammsvegi til austurs, suðurmörkum lóða við Foldarsmára 2-22 (sléttartölur) til norðurs og húsagötu að Arnarsmára 32 og 34 til vesturs. Í gildandi deiliskipulagi er gert ráð fyrir samfélagsþjónustu og opnu svæði á svæðinu en í tillögu að breyttu deiliskipulagi er ráðgerð íbúðarbyggð á svæðinu og opnu svæði, sem mun nýtast almenningi til leikja og útiveru. Í tillöguni eru ráðgerðar 3 lóðir A, B og C fyrir fjölbýlishús á 2-5 hæðum með allt að 140 íbúðum. Áætlað byggingarmagn ofanjarðar er allt að 15.600 m2 og nh. deiliskipulagssvæðisins því um 0,5.
Að jafnaði eru ráðgerð 1,2 bílastæði á íbúð bæði ofanjarðar og í bílgeymslum neðanjarðar. Aðkoma að húsi A verður frá Arnarsmára og að húsum B og C frá Smárahvammsvegi. Tillagan er sett fram á uppdrætti í mkv. 1:1000 ásamt greinargerð, skýringarmyndum, skipulagsskilmálum og skýringarhefti dags. í júlí 2017. Tillögunni fylgir greinargerð VSÓ ráðgjöf: Breyting á deiliskipulagi Nónhæðar, Umhverfismat skv. 12. gr. skipulagslaga nr. 123/2010 dags. í júlí 2017 og greinargerð VERKÍS: Nónhæð - deiliskipulag minnisblað varðandi hljóðvist dags. 7. júlí 2017. Nánar vísast til kynningargagna.

Ofangreindar tillögur; tillaga að breyttu aðalskipulagi og tillaga að breyttu deiliskipulagi eru auglýstar samtímis og eru aðgengilegar á heimasíðu bæjarins, www.kopavogur.is og í afgreiðslu skipulags- og byggingardeildar Umhverfissviðs í Fannborg 6, 2. hæð frá kl. 8:30 til 16:00 mánudaga til fimmtudaga og á föstudögum frá kl. 8:30 til 15:00. Eru þeir sem telja sig eiga hagsmuna að gæta hvattir til að kynna sér tillögurnar.

Fimmtudaginn 21. september 2017 milli kl. 17:00 og 18:00 verða starfsmenn skipulags- og byggingardeildar Umhverfissviðs með opið hús í Fannborg 6 2h þar sem tillögurnar verða kynntar sérstaklega þeim sem þess óska.

Athugasemdir og ábendingar skulu hafa borist skriflega til skipulags- og byggingar Umhverfissviðs, Fannborg 6, 200 Kópavogi eða á netfangið skipulag@kopavogur.is eigi síðar en kl. 15:00 föstudaginn 29. september 2017.

Skipulagsstjóri Kópavogs.

100

milljarðar myndu fást fyrir 58 prósenta hlut Kaupþings í Arion banka ef hann yrði seldur á sama gengi og vogunarsjóðir keyptu á í mars.

Sá sem stýrir félaginu sem heldur um hlut Taconic Capital í Arion er Frank Brosens, eigandi sjóðsins.

metnir hæfir til að eiga meira en tíu prósenta hlut í Arion banka en sé litið jafnframt til óbeins eignarhalds sjóðanna, sem stórir hluthafar í Kaupþingi sem á 58 prósent í bankanum, fara þeir yfir þau mörk. FME hefur 60 virka daga til að afgreiða umsókn vogunarsjóðanna frá staðfestingu fullbúinnar tilkynningar.

Samkvæmt heimildum Markaðarins var það samt ekki fyrr en um miðjan síðasta mánuð sem stofnunin taldi að slík fullbúin tilkynning hefði borist frá sjóðunum. Enn eru því einhverjar vikur í að niðurstaða fáist í mati FME á hæfi sjóðanna til að vera virkir eigendur að Arion banka. Þess má geta að Attestor Capital var metinn hæfur af fjármálaeftirlitinu í Austurríki til að fara með virkan eignarhlut í tengslum við kaup sjóðsins á bankanum Kommunalkredit árið 2015.

Haldi eftir hlut í Arion

Þá er Fjármálaeftirlitið einnig með til skoðunar um þessar mundir heimild Kaupþings frá 2010 um að fara með virkan eignarhlut í Arion banka í gegnum dótturfélag sitt Kaupskil. Verði hún felld niður þyrfti Kaupþing í kjölfarið að óbreyttu að standast mat FME um að vera hæfur eigandi að virkum eignarhlut í bankanum, eða sem nemur meira en tíu prósentum, sem er ólíklegt að félagið myndi standast, að sögn þeirra sem þekkja vel til stöðu mála. Það myndi því þýða að Kaupþing gæti þurft að losa að lágmarki um 48 prósenta hlut – félagið á 57,9 prósent í Arion banka – í fyrirhuguðu útboði.

Ekki hefur verið tekin nein endanleg ákvörðun af hálfu Kaupþings um hversu stór hlutur verður boðinn til sölu í útboðinu en áformað er að bankinn verði skráður á markað á Íslandi og í Svíþjóð. Ef allur hlutur Kaupþings yrði seldur í útboðinu á sama gengi og vogunarsjóðirnir og Goldman Sachs keyptu sinn hlut í bankanum í mars síðastliðnum – 0,81 miðað við bókfært eigið fé – þá myndi félagið fá um 100 milljarða fyrir 58 prósenta hlut sinn ef horft er til eiginfjárstöðu Arion banka í lok fyrsta fjórðungs 2017.

Vegna afkomuskiptasamnings sem gerður var við kröfuhafa Kaupþings þá myndi hins vegar mikill meirihluti þeirrar fjárhæðar falla íslenska ríkinu í skaut. Þeir fjármunir kæmu til viðbótar við söluandvirðið, eða um 49 milljarðar, sem fór allt ríkisins við kaup sjóðanna á hlut í Arion banka fyrr á árinu. Stjórnvöld eiga því ríkra hagsmuna að gæta að vel takist til við útboðið. Samkvæmt heimildarmönnum Markaðarins er talið sennilegt að Kaupþing vilji halda eftir einhverjum hlut í bankanum – mögulega um 20 prósentum – með það að markmiði að reyna selja hann á hærra verði síðar.

Vilja tryggja sér stóran hlut

Ef Fjármálaeftirlitið veitir Taconic Capital og Attestor Capital leyfi til að fara með virkan eignarhlut í Arion banka í næsta mánuði – og stjórnvöld þá sömuleiðis staðfesta að þau áformi ekki að nýta sér mögulegan forkaupsrétt sinn – gera áætlanir Kaupþings ráð fyrir því að í sama mánuði verði haldnir kynningarfundir með áhugasömum fjárfestum (e. roadshow). Strax í kjölfarið verði þá hægt að innheimta áskriftarloforð vegna útboðsins sem gæti þá farið fram í október eða nóvember. Á meðal þess fyrirkomulags sem horft er til í aðdraganda hlutafjárútboðsins, að sögn þeirra sem þekkja vel til söluferlisins, er að bjóða ýmsum fagfjárfestum að vera í hópi hornsteinsfjárfesta í útboðinu. Þá skuldbinda þeir sig til að að kaupa tiltekinn eignarhlut í bankanum á sama verði og aðrir – og minni – fjárfestar í útboðinu.

Slíkt fyrirkomulag er vel þekkt í almennum hlutafjárútboðum og skráningu félaga á mörkuðum á Norðurlöndum. Með þessari leið yrði einnig komið til móts við suma erlenda fjárfestingasjóði sem hafa komið þeim skilaboðum áleiðis til Kaupþings og sölurágjafa þess að þeir vilji tryggja sér umtalsverðan hlut í bankanum í útboðinu. Þannig hefur Markaðurinn heimildir fyrir því að Fossar markaðir hafi meðal annars skráð suma sjóði fyrir fjárfestaloforðum að fjárhæð um 100 milljónir evra, jafnvirði um 12,5 milljarða króna.

Kaupum vogunarsjóðanna og Goldman Sachs á tæplega 30 prósenta hlut í Arion banka fylgir ekki atkvæðisréttur að svo stöddu og þá eru jafnframt söluhömlur á eignarhlutnum, samkvæmt heimildum Markaðarins. Þannig mega sjóðirnir ekki selja þau bréf fyrr en í fyrsta lagi sex mánuðum eftir fyrirhugaða skráningu Arion banka á markað.

Á meðan við prentum fyrir þig…

ÍSAFOLDAR PRENTSMIÐJA

Umbúðir • Bækur • Tímarit • Fyrir skrifstofuna • Bæklingar
Fjölpóstur • Kynningarefni • Dagblöð • Stafrænt • Allskonar!

Suðurhraun 1 | Garðabæ | Sími: 59 50 300 | www.isafold.is

Skotsilfur

Von á yfirtöku?

Danska fjárfestingarfélagið William Demant Invest hefur sópað til sín milljónum hluta í Össuri það sem af er ári og á nú 47,6 prósenta hlut í stoðtækjaframleiðandanum. Til samanburðar átti félagið um 42 prósent í Össuri í ársbyrjun. Svo umsvifamikil hafa kaupin verið að greinendur velta því nú fyrir sér hvort William Demant hafi í hyggju að taka Össur, en **Jón Sigurðsson** er forstjóri félagsins, hreinlega yfir. Búist er við vaxandi samkeppni á markaði fyrir stoð- og stuðningsvörur á næstu árum og má gera ráð fyrir að félögin tvö, sem eru miklir keppinautar, sjái sér hag í því að snúa bökum saman.

Með bakþanka

Ákvörðun lífeyrissjóða, sem eiga þriðjungshlut í HS Orku í gegnum Jarðvarma, að beita neitunarvaldi sínu og hafna 11 milljarða tilboði Blackstone í 30 prósenta hlut HS Orku í Bláa lóninu hefur vakið furðu. Tilboð Blackstone verðmat Bláa lónið á um 37 milljarða og var nokkuð hærra en búist var við þegar hluturinn var settur í söluferli, eða nemur um ellefu sinnum EBITDA-hagnaði lónsins í fyrra. **Davíð Rúdólfsson**, stjórnarformaður Jarðvarma, sagði að tilboðið hefði ekki endurspeglað verðmæti Bláa lónsins. Nú heyrist að sjóðirnir séu komnir með bakþanka og að viðræður við Blackstone kunni að verða teknar upp að nýju síðar á árinu, þar sem mögulega verði minni hlutur en 30 prósent boðinn til sölu.

Rétt ákvörðun

Hreiðar Bjarnason, framkvæmdastjóri fjármála hjá Landsbankanum, hefur tekið sæti í stjórn fjárfestingarfélagsins Eyris Invest í stað Svanhvítar Birnu Hrólfsdóttur. Landsbankinn fer með yfir 23 prósenta hlut í félaginu, en það er stærsti einstaki hluthafi Marels með tæplega 26 prósenta hlut. Bankinn setti allan hlut sinn í Eyri í söluferli í maí í fyrra en hafnaði öllum tilboðunum fimm sem bárust. Það reyndist afar góð ákvörðun enda hefur hlutabréfaverð Marels snarhækkað um hátt í fimmtíu prósent síðan þá. Hefur markaðsvirði óbeins hlutar bankans í Marel aukist á sama tíma um fimm milljarða króna.

Air Berlin í vanda statt

Stjórn Air Berlin, næststærsta flugfélags Þýskalands, hefur óskað eftir því að félaginu verði veitt heimild til greiðslustöðvunar. Ákvörðunin var tekin eftir að stærsti hluthafi félagsins, Etihad Airways, ákvað að leggja ekki meira fé til rekstrar félagsins. Starfsemin mun haldast óbreytt. FRÉTTABLAÐIÐ/EPA

Vanmetinn efnahagsbati Abes

Lars Christensen
alþjóðahagfræðingur

Ótrúlegt en satt – í Japan er nú meiri hagvöxtur en í Bandaríkjunum, á evrusvæðinu og Bretlandi. Á mánudaginn voru birtar upplýsingar um raunvöxt vergrar landsframleiðslu í Japan á öðrum ársfjórðungi. Hagvöxtur í Japan var 4% á ársgrundvelli.

Maður verður auðvitað að fara varlega í að lesa of mikið út úr einni tölu, og verg landsframleiðsla er alræmd fyrir óstöðugleika, en heildarmyndin af sterkum efnahagsbata – kannski jafnvel uppsveiflu samkvæmt sumum viðmiðum – er nokkuð skýr.

Með öðrum orðum er erfitt annað en að álykta sem svo að Shinzo Abe forsætisráðherra hafi staðið við loforð sín um að koma japanska hagkerfinu út úr verðhjöðnunargildrunni sem það var fast í fyrir aðeins nokkrum árum. „Abenomics“, eins og efnahagsstefna Abes hefur verið kölluð, virkar.

Nú sjáum við bæði fyrir endann á verðhjöðnuninni og það sem lítur út fyrir að vera viðvarandi aukning á hagvexti. Svo hvað er í gangi? Á einfaldaðan hátt má segja að það séu sérstaklega tveir þættir sem þessi árin hjálpa Japan út úr lágvaxtagildrunni.

Í fyrsta lagi eru konur að koma í auknum mæli út á vinnumarkaðinn. Og það eru ekki, eins og við sáum á Norðurlöndum á 8. og 9. áratugnum, ungu konurnar heldur eru það miðaldra konur sem eru að koma inn á vinnumarkaðinn.

Þegar Abe varð forsætisráðherra 2012 voru 55 prósent kvenna á aldrinum 55 til 64 ára á vinnumarkaðnum. Nú hefur sú tala hækkað í 65 prósent og þetta er drifkrafturinn sem er að binda enda á neikvæðu lýðfræðilegu tilhneiginguna sem við höfðum séð á japanska vinnumarkaðnum í næstum þrjá áratugi, og þetta ýtir undir hagvöxt.

> **Þetta þýðir að Japanir hafa aftur öðlast trú á framtíðina og hagvöxtur hefur tekið við sér. Og með meiri hagvexti eykst eftirspurn eftir vinnuafli.**

Það eru mismunandi ástæður fyrir þessari breytingu. Ein sú mikilvægasta er að eftirspurn eftir vinnuafli hefur aukist hratt í Japan þessi árin í kjölfar verulegrar tilslökunar á peningamálastefnunni.

Og peningamálastefnan er önnur mjög mikilvæg ástæða fyrir efnahagslegum árangri Abes. Þess vegna væri hægt að halda því fram að hér sé ekki um neitt „Abenomics“ að ræða heldur „Kurodanomics“, nefnt eftir seðlabankastjóra Japans, Haruchiko Kuroda, sem Shinozo Abe skipaði 2013 með það skýra markmið að koma Japan út úr verðhjöðnuninni. Og það hefur honum tekist – að minnsta kosti að hluta til.

Kuroda hefur tekið upp tvö prósent verðbólgumarkmið og ágenga peningamálastefnu með svokallaðri magnbundinni íhlutun. Japan er ekki enn komið upp í tveggja prósenta verðbólgu en nálgast það og virðist vera að færast varanlega út úr verðhjöðnuninni.

Þetta þýðir að Japanir hafa aftur öðlast trú á framtíðina og hagvöxtur hefur tekið við sér. Og með meiri hagvexti eykst eftirspurn eftir vinnuafli. Reyndar eru nú fleiri laus störf en umsækjendur í japanska hagkerfinu. Og það er eitt af því sem laðar konur – og sérstaklega miðaldra konur – inn á vinnumarkaðinn.

Svo það má vera að Abe forsætisráðherra þurfi að takast á við pólitískar áskoranir núna en efnahagsstefna hans hefur heppnast vel. Hann ætti að þakka japönskum konum og Kuroda fyrir það.

Hversu oft ættu fyrirtæki að mæla viðhorf starfsmanna?

Hin hliðin
Gunnhildur Arnardóttir, framkvæmdastjóri Ceo Huxun og FKA-félagskona

Það hefur lengi þekkst að mæla viðhorf starfsmanna í árlegum vinnustaðakönnunum. Slíkar mælingar eru mikilvægar og gefa margvíslegar upplýsingar um upplifun starfsmanna á mikilvægum þáttum. Vandamálið er hins vegar að frá því mælingin er gerð og þar til niðurstöður liggja fyrir líða oft margir mánuðir.

Sífellt fleiri stjórnendur eru að gera sér grein fyrir hversu mikils virði er að mæla oftar. Hraðvirkari upplýsingagjöf á stjórnunarupplýsingum hefur bein áhrif á fjárhagslegan árangur fyrirtækja. Með því að gera stuttar hnitmiðaðar viðhorfsmælingar sést strax hvar er verið að gera vel og hvar má gera betur. Einnig er komið til móts við nýja kynslóð starfsmanna sem vilja njóta trausts yfirmanns síns og vera þátttakandi í að móta vinnustaðinn.

Að láta reglulega álit sitt í ljós á mikilvægustu þáttum í vinnustaðaumhverfinu sem strax eru birtir og ræddir fær starfsmanninn til að upplifa að álit hans skipti máli. Að sama skapi fá stjórnendur endurgjöf frá starfsmönnum varðandi það hvort þeir drífi verkefni áfram, hvort starfsmenn viti nákvæmlega til hvers er ætlast, hvort samskipti séu opin og eðlileg og hvort borin sé virðing fyrir þeim.

En það er ekki nóg að mæla, það þarf að skilja gögnin, kynna niðurstöður strax fyrir hverjum hóp fyrir sig, ræða opinskátt um niðurstöðuna og hverju þarf að breyta. Þannig myndast stöðug lærdómskúrfa og gagnsæi sem nýtist öllum á vinnustaðnum. Ákvörðunartaka verður hnitmiðaðri, stjórnendur eflast og starfsmenn upplifa mikilvægi sitt.

Fyrstu hugleiðingar stjórnenda eru oft þær að starfsmenn fái leiða á að svara og svörunarhlutfall muni minnka með tímanum. HR Monitor er íslenskt fyrirtæki sem býður vinnustöðum upp á mánaðarlegar rauntímamælingar. Á meðan mæling stendur yfir fá allir stjórnendur daglega upplýsingar um svörunarhlutfall í sinni deild. Niðurstöður þeirra leiða í ljós að því oftar sem upplifun er mæld því hærra er svörunarhlutfallið. Þetta er í takt við niðurstöður þeirra sem starfa með slíkar mælingar erlendis.

Richard Branson segir: „Viðskiptavinurinn er ekki númer eitt, það er starfsmaðurinn sem er númer eitt. Ef þú hugsar vel um starfsmennina þá hugsa þeir vel um viðskiptavininn.“ Viðhorf starfsmanna ætti því að mæla mánaðarlega rétt eins og aðrar lykiltölur fyrirtækisins.

AVIS með hagstæðustu kjörin af öllum bílaleigum

í útboði Ríkiskaupa



Sama þjónusta – eins bílar – miklu betra verð

VIÐ GERUM BETUR

Avis býður opinberum fyrirtækjum **hagstæðustu kjörin** af bílaleiguþjónustu og átti **lægsta tilboðið** af öllum þeim bílaleigum sem tóku þátt í útboði Ríkiskaupa. Við erum stolt af því að geta boðið okkar viðskiptavinum góð kjör og framúrskarandi þjónustu.

Hafðu samband við skrifstofu Avis, Holtagörðum, í síma 591 4000 eða sendu tölvupóst á avis@avis.is og kannaðu málið – það borgar sig.

avis.is
591 4000

AVIS®
Bílaleiga

MARKAÐURINN

FYLGIRIT FRÉTTABLAÐSINS UM VIÐSKIPTI OG FJÁRMÁL | Miðvikudagur 16. ágúst 2017

visir www.visir.is | Viðskiptavefur Vísis @VisirVidskipti

Stjórnarmaðurinn

@stjornarmadur

Boltasirkusinn

Nú lítur út fyrir að velska knattspyrnuliðið Swansea ætli loks að selja Gylfa Sigurðsson til Everton. Swansea vill víst 50 milljónir punda, eða sem svarar rétt tæpum sjö milljörðum króna, og ekki krónu minna fyrir Gylfa. Samkvæmt því slagar þjónusta Gylfa næstu fjögur til fimm árin hátt upp í virði lítils kauphallarfélags á Íslandi.

Everton og Gylfi eru ekki einu þátttakendurnir á leikmannamarkaðnum þetta sumarið. Öll ensku stórliðin hafa verið stórtæk. Nægir þar að nefna Manchester City sem keypt hefur fyrir ríflega tvö hundruð milljónir punda. Þar af bakvörðinn Kyle Walker af Tottenham fyrir 45 milljónir punda.

Manchester City, rétt eins og PSG í Frakklandi, er nú vissulega nokkuð sér á báti vegna, að því er virðist, þeirra óþrjótandi olíulinda sem að félaginu standa. Kaupin á Walker hljóta þó að sýna, svo ekki sé um villst, að knattspyrnan er gengin af göflunum. Bærilegur bakvörður er orðinn dýrari en snillingurinn Zidane á sínum tíma, og Neymar hinn brasilíski er talinn fimm Zidane-a virði.

Ástæðan er tiltölulega einföld – sjónvarpssamningar. Síðasti samningur sem gerður var um útsendingarétt frá ensku deildinni nam ríflega fimm milljörðum punda, eða um 700 milljörðum króna. Það var 71% verðbólga frá fyrri samningi. Þetta var samningur einungis fyrir Bretland og eru þá ótalin sýningarréttindi fyrir restina af heiminum, sem eru annað eins og ríflega það.

Verðbólga á enska leikmannamarkaðnum er því knúin áfram af óþrjótandi áhuga fólks á að sjá stórleiki í sjónvarpinu. Þó eru ákveðnar blikur á lofti í þeim efnum en áhorf á ensku úrvalsdeildina minnkaði í fyrra miðað við fyrra ár. Fróðlegt verður að sjá hvort sú þróun heldur áfram. Byrjunin lofar þó að minnsta kosti góðu. Markasúpur og rauð spjöld eru góð fyrir áhorfið.

Þeir sem sáu æfingaleik Manchester United og Real Madrid sem fram fór í Bandaríkjunum á dögunum urðu vitni að því að sjálfur Ronald McDonald leiddi liðin út. Kannski er það við hæfi að McDonalds trúðurinn gegni þessu hlutverki á tímum þegar knattspyrnan líkist meira fjölleikahúsaatriði með hverju árinu sem líður.

UMHVERFIÐ ÁSTRÍÐA HREINT ÞJÓNUSTA
GuðjónÓ
VISTVÆNA PRENTSMIÐJAN
Sími 511 1234 • www.gudjono.is

Seldu kjúkling fyrir þrjá milljarða

Helgi Vilhjálmsson

